

SVIÐ: ALMENNT BÓKNÁM

Samfélagsgreinar

Kennslustjóri: Þórunn Elva Bjarkadóttir

Nafn kennara	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj
Árni Blandon	Sál203		6
	Sál233		6
	Sál313	12	
	Sál403		6
Ingibjörg Ó. Sigurðardóttir	Sál103	18	18
	Sál203	6	
	Upp103		6
Þórunn Elva Bjarkadóttir	Fél 103	12	12
	Fél 323	12	
	Fél 303		6
	Fjö 213		6
Helgi Hermannsson	Fél103	6	
	Fél203	12	12
	Fél403		6
Ragnheiður Eiríksdóttir	Hsp103	6	6
	Hsp203	6	6
Erlingur Brynjólfsson	Sag103	6	6
	Sag303	12	12
	Sag323		12
	Sag403	12	
Lárus Ág. Bragason	Sag103	12	12
	Sag203	12	12

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

SÁL 103: Gerð var sú breyting að láta nemendur skrifa leiðarbók í lok hvers tímaverkefnis og í lok hvers kafla. Einnig jókst vægi verkefnamöppunnar þannig að hún gildi orðið 25% sem er til bóta þar sem mappan inniheldur stóran hluta af vinnu nemenda á önninni. Á sömu önn varð einnig sú breyting að möppuskil voru tvisvar í stað einu sinni áður. Fannst kennara það vera til bóta af því nemendur virtust fyrr átta sig á mikilvægi möppunnar og leggja sig meira fram um að halda utanum og vanda verkefni sín.

UPP 103: Að þessu sinni voru gerðar þær breytingar að fjölga verkefnum sem nemendur áttu að vinna. Kennara fannst breytingin koma vel út og gera áfangann skemmtilegri. Farið var í hinar hefðbundnu hálf dags leikskólaheimsóknir sem alltaf eru mikilvægar fyrir þennan áfanga og eru nemendur oftast mjög ánægðir með þær heimsóknir. Að þessu sinni var líka

farið í grunnskólaheimsóknir sem kom mjög vel út. Nemendur dvöldu í 2 kennslustundir í skólunum og verkefni þeirra fólst í því að athuga kynjabundinn mun í hegðun og samskiptum. Nemendur virtust í öllum tilfellum ánægðir með þessa reynslu og allnokkrir sögðu að þetta ýtti við áhuga á að fara út í kennslu sjálfir síðar meir. Helst var kvartað yfir að heimsóknirnar hefðu verið of stuttar. Þessi liður er því líklega kominn til að vera í uppeldisfræðinni.

Nemendur gerðu einnig kynningarverkefni á einhverju fyrirbæri tengt barnamenningu, þar sem þeir áttu m.a. að greina uppeldislegt gildi og siðferðilegan boðskap, en þetta hefur alltaf verið þjálfað í tímaverkefnum annarinnar. Þetta kom líka skemmtilega út og virtust nemendur njóta þess að gera e.t.v. gömlu uppáhaldsmyndinni sinni eða bókinni sinni skil á þennan hátt.

SÁL233: Tilraunaáfangi sem heppnaðist vel. Hann var kallaður Kvikmyndasálfræði. 30 nemendur útskrifuðust, einn með einkunnina tíu, 13 með einkunnina 9. Eins og í öðru námi sannar áfanginn hvað myndrænir miðlar henta unglingum vel í dag bæði námslega og vellíðunarlega. Hugmyndin að áfanganum kom upp vegna kreppunnar: bjóða upp á aðgengilegan áfanga sem mætti renna í gegn án of mikillar heimavinnu nemenda; bjóða upp á áfanga þar sem nemendum liði vel í tímum þar sem áherslan væri ekki of mikil á akademískan bóklestur. Allir áttu að skrifa ritgerð og var bónuskerfi í gangi þannig að þeir sem skiluðu fyrstir fengu árangursbónus á einkunn; sem gerði það að verkum að 10 nemendur fengu einkunnina 10 fyrir ritgerð. Slíkur áfangi er kenndur í nokkrum framhaldsskólum en mjög misjafnt hvernig hann er lagður upp. Kvikmyndir sem sýndar voru, voru blanda af leiknum myndum, sem fjölluðu um aðskiljanleg vandamál fólks og heimildarmyndum.

Þróunin í sálfræðikennslu í FSu var sú að ekki veittist nægilegur tími í bóklegum áföngum til að sýna áhugaverðar kvikmyndir og er því upplagt að sinna þeim hluta í sér áfanga. Í ljós kemur að þeir sem hafa séð ákveðnar myndir sem sýndar eru, horfa á þær með allt öðru hugarfari ef sjónarhornið er sálfræðilegt.

FÉLAGSFRÆÐI: Áfangarnir voru kenndir með svipuðu sniðu og síðustu annir þó einhverjar breytingar hafi verið á fyrirkomulagi verkefna þó ekki hafi þær verið byltingarkenndar. Aukin áhersla á leiðarmat og matskvarða.

FJÖ213: Lögð var aukin áhersla á hagnýta fjölmiðlun og fengu nemendur að spreyta sig reglulega í fréttaskrifum yfir önnina, helsta nýjungin var skólablaðsverkefni sem að hópurinn vann sem ein heild líkt og þau væru að vinna saman á einum fjölmiðli. Kosnir voru 2 ritstjórar og 1 fréttastjóri og úthlutuðu þeir verkefnum á hvern og einn. Gafst þetta vel og höfðu nemendur nokkurt gaman af þó svo að vissulega þurfi að slípa þetta til, t.d. úthluta einhverjum það verkefni að prófarkalesa afurðina áður en hún fer í prentun. Ferilmöppu skilað í lok annar.

SAGA: Áfangar kenndir með svipuðu sniði og vanalega.

HSP103: Þátttökufyrirlestrar, umræður, kvikmyndir sem tengjast efninu skoðaðar og verkefni unnin út frá þeim, kaffihúsaferð þar sem nemendum var skipt í litla hópa og þeir fengu að glíma við klípusögur, popptónlist með heimspekilegum texta skoðaðir, nemendur unnu saman 2 og 2 við að svara spurningum úr köflunum og framkvæmd var lífstilraun þar sem nemendur prófuðu að íhuga daglega allt það sem þeir geta verið þakklátir fyrir og héldu dagbók um hvernig gekk, leið og hvort einhverjar breytingar áttu sér stað.

HSP203: Þátttökufyrirlestrar, umræður, kvikmyndir sem tengjast efninu skoðaðar og verkefni unnin út frá þeim, samvinnunám með púslaðferð, kaffihúsaferð þar sem nemendum var skipt í hópa og fengu að glíma við tilvitnanir í heimspeki og kvikmyndir, Sókratísk samræða þar sem nemendur mótuðu eigin skilgreiningu á hugtaki sem þau völdu sér, nemendur svöruðu opnum spurningum úr köflunum og lífstilraun þar sem nemendur áttu að móta sína eigin lífsspeki, prófa að lifa eftir henni í viku og halda dagbók um hvernig gekk, leið og hvort einhverjar breytingar áttu sér stað og skrifa svo ritgerð um tilraunina auk fræðilegrar umfjöllunar um þá heimspeki sem lífsspekin tengist mest.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat gefst vel í Sál og Fél. Haldið áfram að þróa símat í öllum áföngum deildarinnar.

Hlutapróf, verkefnaskil og ferilmöppur. Leiðsagnarmat og matskvarðar í félagsfræði.

Í Sögu hefur námsmat hefur verið það sama og undanfarið. Aðeins er lokapróf í SAG 103. Á vorönn voru gerðar breytingar á formi prófs í SAG 103 en það gagnaðist aðeins þeim nemendum sem stóðu vel í námi. Hugmyndin var að nota prófform sem hentaði illa stöddum nemendum en það virtist ekki koma þeim að haldi. Á næsta skólaári er stefnt að því að færa yfirferð, námsmat og kennslu í átt að nýjum markmiðum vegna nýrra framhaldsskólalaga.

HSP103: Símatásfangi.

Kaflapróf: Lagt var fyrir kaflapróf úr 2 köflum í einu, alls 4 kaflapróf sem giltu 40%. Þessi próf voru fremur gerð til að kanna hvort nemendur hefðu lesið kennslubókina og hvetja þá til þess. Því voru spurningarnar um staðreyndir úr bókinni þó nokkrar spurningar gáfu færi á að nemendur settu sína skoðun fram. Þessi próf voru vel heppnuð og virkuðu vel til að hvetja nemendur til að lesa.

Verkefni: Verkefni voru 3, mis umfangsmikil og höfðu mismikið vægi en alls giltu þau 30%. Fyrsta verkefnið var um kvikmyndina The Matrix og var það m.a. byggt á heimildamynd um heimspekina í The Matrix. Annað verkefnið var út frá siðfræðikaflanum og áttu nemendur að

lesa tvær blaðgreinar sem kennari valdi og fjalla um siðfræðina sem þar kemur fram og koma með eigin skoðun. Þriðja verkefnið var lífstilraun þar sem nemendur áttu að lifa samkvæmt ákveðinni heimspeki í eina viku, halda dagbók og skrifa svo skýrslu. Þessi verkefni voru vel heppnuð en e.t.v. mætti bæta við öðru verkefni um kvikmyndina The Peaceful Warrior.**Ritgerð:** Nemendur skrifuðu ritgerð um heimspekina í sjálfvalinni kvikmynd sem gildi 20%. Vel heppnuð námsmatsaðferð. Mæting og virkni giltu svo 10%.

HSP203: Símatásafangi

Verkefni: Verkefni voru 3, mis umfangsmikil og höfðu mismikið vægi. Fyrsta verkefnið var um handboltamanninn Ólaf Stefánsson og þá heimspeki sem hann hefur sett fram í viðtölum. Vel heppnað og skemmtilegt verkefni sem hreyfði við mörgum. Annað verkefnið var um kvikmyndina Brave New World og heimspekina í henni. Vel heppnað verkefni og kvikmyndin tengist kaflanum Tækni afar vel. Þriðja verkefnið var um stjórn málaheimspeki, var örpróf úr köflunum sem þau kenndu hvoru öðru í samvinnunáminu (púslaðferð). Samvinnunámið gekk vel og prófið sýndi vel hverjir höfðu lagt sig fram og hverjir ekki.

Ritgerð: Nemendur unnu ritgerð út frá lífstilrauninni. Í fræðilega kaflanum varð kennari fyrir miklum vonbrigðum með hve margir tóku efni beint af vefnum og telur að það hljóti að þurfa að fara betur í reglur varðandi tilvitnanir o.þ.h. í íslensku því þau virtust alveg koma af fjöllum sum þegar ég benti þeim á að þetta væri ekki leyfilegt.

Lokapróf: Sú nýjung var núna í námsmati í HSP203 að lagt var fyrir lokapróf í síðustu kennsluvikunni. Prófið var þannig upp byggt að 70% voru einhverjar af þeim spurningum sem nemendur höfðu fengið úr hverjum kafla. Þessar spurningar voru nokkuð yfirgripsmiklar og kröfðust þess að nemendur mynduðu sér sína skoðun á heimspekinni. 30% voru fjölvalsspurningar. Kennari er ánægður með þetta fyrirkomulag því við undirbúning fyrir svona próf á sér stað heilmikil upprifjun og nám og komu margir nemendur afa vel undirbúnir fyrir það.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Erlingur Brynjólfsson sótti eina ráðstefnu um rannsóknir í félagsvísindum á Bifröst í maí 2010

Helgi Hermannsson fór á Bett kaupstefnuna í London í janúar og sótti námskeið FF haustið 2009 um "Frávik og afbrot".

Árni Blandon verður í námsorlofi næsta vetur og kemur sprenghlaðinn námskeiðasókn þarna næsta haust.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

SÁL: Ný kennslugögn: Kvikmyndir: Fræðslumyndir um asperger, kynskiptingu, rofinn persónuleika etc. Leiknar myndir: The Bell Jar (psychosa, sjálfsvígstilraunir), Óbærilegur léttleiki tilverunnar (ást – kynlífsfíkn), As Good As It Gets (þráhyggja), Husbands and Wives, Rambling Rose (mörk), Ordinary People (sekarkennd, meðferð), A Beautiful Mind og Out of Darkness (geðklofi), Sex, Lies and Videotape (ábyrgð), Heavenly Creatures (siðblinda), A Letter From an Unknown Woman (ástarþrá) o.s.frv.

FÉL: Engar nýjar kennslubækur á þessu skólaári, Fél 323 og Fjö 213 eru námsbókarlausir áfangar og var haldið áfram að bæta í námsgagnasarp þeirra með ýmsum hætti.

SAG: Engar nýjar kennslubækur eða gögn hafa verið tekin í notkun á þessu ári.

HSP103: Bókin *Heimspeki fyrir þig* er aðalkennsluefni áfangans. Auk hennar er notast við kvikmyndirnar The Matrix (sem og heimildamynd um heimspekina í henni), John Q., The Peaceful Warrior og Home. Ljósritaðar tímarita- og blaðagreinar sem tengjast umfjöllunarefnunum og stutt myndbrot úr heimildamyndum BBC um heimspekinga á www.youtube.com

HSP203: Bókin *Heimspeki fyrir þig* er aðal kennsluefni áfangans, þeir kaflar hennar sem ekki eru teknir fyrir í HSP103. Auk hennar er notast við kvikmyndirnar Brave New World og Into The Wild, tímarita- og blaðagreinar og útvarpserindi af www.ruv.is auk stuttra myndbrota úr heimildamyndum BBC um heimspekinga á www.youtube.com

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Halda áfram á hefðbundinni braut.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

„Gott væri að fá myrkvunartjöld í félagsgreinastofuna, stofu 210. Þar eru ágæt tæki og hátalarar, en nýtingin er ekki góð vegna mikillar birtu bæði á hausti og vori.“ Orðin hér að framan voru í síðustu skýrslu og verður ekki betur að orði komist í þessari.

Útópískur draumur félagsfræðikennara við FSu er að hafa kennslustofu eingöngu fyrir félagsfræði svo hægt sé að framkalla aðlaðandi félagsfræðilegt andrúmsloft með bókum, myndum og líkönum, svo eitthvað sé nefnt.

Að nemendur sem taka HSP103 geti tekið HSP203 og HSP303 í röð á eftir, þ.e. að seinni áfangarnir verði kenndir oft.

Fornám

Kennslustjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir

Skólaárið 2009-2010 kenndu fimm kennarar í fornámi við skólann: Eyvindur Bjarnason (EB), Ragnheiður E. Sigfúsdóttir (RES), Björgvin E. Björgvinsson (BEB), Hrefna Clausen (HC) og Guðfinna Gunnarsdóttir (GG). Náms- og starfsráðgjafi fornáms var Álfhildur Eiríksdóttir (ÁE). Á haustönn voru 14 nemendur skráðir í fornám, en tveir hættu á önninni. Á vorönn 10 nemendur skráðir í fornám. 9 nemendur luku prófum á vorönn.

Kennsluskipting

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
Eyvindur Bjarnason	StæF936/U936	6	6
Ragnheiður Sigfúsdóttir	ÍslF936	6	
Björgvin E. Björgvinsson	ÍslU936		6
Hrefna Clausen	SjáF912	2	
Hrefna Clausen	AðsF912	2	
Guðfinna Gunnarsdóttir	AðsF912		2
	Samtals	16	14

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Stærðfræði: Kennslubókin hefur ekki verið mikið notuð sem slík. Frekar hef ég stuðst við laus blöð með ákv. dæmafölda og tekið fyrir sömu aðferðir og til er ætlast í kennslubókinni. Nem. sjá þá oftast fyrir hversu mikið er ætlast til í hverjum tíma. Ég tel að þetta hafi tekist nokkuð vel. (EB)

Íslenska haustönn: Sjálfsagt ekki mikið um nýjungar - en leitast var við að hafa kennslustundirnar fjölbreytilegar – fannst virka ágætlega að byrja kennslustundina á því að leggja fram það sem átti að gera. Þá hófu nemendur vinnu, en ég lenti hins vegar fljótlega í vandræðum með þetta – þau voru fljótfær og kepptu að því að klára. Mér fannst ég sjaldnar en oftast ná því sem hægt væri að kalla góðan vinnuanda – fann einhvern veginn aldrei þann takt. (RES)

Sjálfsstyrking haustönn: Nýjungar í kennsluháttum SJAF 912 á haustönn 2009 voru helstar þær að til verksins var ráðinn kennari sem hafði enga reynslu af kennslu í fornámi.

Kennsla sjálfstyrkingar Sérgræin HC er kennsla þriðja tungumáls og lífsleikni. Velta má fyrir sér hvort æskilegt sé að stilla upp svo óreyndum kennara í fornám. Strax í upphafi áfangans, áttaði HC sig á ákveðnum takmörkunum sínum og vanhæfni við að nálgast þennan nemendahóp enda krefst fornámskennsla sérstakrar færni, kunnáttu og þjálfunar í kennsluaðferðum sem ekki er gefið að sérhver framhaldsskóla- kennari búi yfir. Skoðun HC eftir þessa kennslureynslu er því sú að ef kennsla sjálfstyrkingar í fornámi á að skila árangri, þurfi viðkomandi kennari að nálgast nemendur og miðla námsefni talsvert ólíkt því sem gert er í öðrum námsgreinum á framhaldsskólástigi. Þessa nálgun hefur „venjulegur“ framhaldsskólakennari ekki sjálfkrafa á valdi sínu. Hér skulu nú tilgreindar nokkrar hindranir sem urðu á veginum:

Nafn áfangans virkaði neikvætt á nemendahópinn. Sú staðreynd að þarna er verið að kenna eitthvað sem kallast „sjálfstyrking“ og það sem skylduáfangi á fyrstu önn í fornámi er strax dæmt til þess að fara illa í nemendur. Þeim finnst þau sett niður og álíta að verið sé að gera lítið úr þeim og þeirra skólasögu. „Af hverju þurfum við að fara í svona áfanga en enginn annar“? „Er það af því við erum tossar“ ?? – Það er því alveg nauðsynlegt að kalla áfangann öðru nafni.

„Sjálfstyrking er ekki skemmtileg“! Fornámsnemendur eru margs konar en allir eiga þeir þó sameiginlegt að bóklegt skyldunám þeirra hefur ekki gengið í takt við það sem grunnskólinn hefur ætlast til. Nemendur falla ekki inni einhvern fyrirfram ákveðinn skólaramma. Sjálfstyrking er skyldufag í FSu og hugsað sem aðferð til að létta fornámsnemunum fyrstu skrefin í framhaldsskóla, skoða sig sjálf og breyta því sem þau geta breytt til að falla betur inn í þennan ramma. EN því miður er málið ekki svo auðvelt. Það er ekki víst að nemandinn geti/vilji/ sé tilbúinn koma sér inn í einhvern skólaramma og þá verða alltaf árekstrar. Ef nemandinn hins vegar er tilbúinn að gera það sem til er ætlast, þ.e. skoða sínar sterku og veiku hliðar, m.a. út frá fjölgreindarkenningu Howards Gardner, rækta það sem hugur hans stendur til um leið og hann áttar sig betur á því sem hann gerir miður, ásamt því að spá í lífið og tilveruna, læra hugtök sem snerta mannlegt eðli að ógleymsdu því að leika sér svolítið með kennaranum og nemendahópnum í því markmiði að hafa gaman í tímum, t.d. með því að stíga upp úr sætinu og fara í leiki og fl. M.ö.o. ef nemendahópurinn er tilbúinn og jákvæður að taka þátt í svona kennsluaðferðum, þá getur sjálfstyrkingaráfanginn svo sannarlega orðið lifandi, skemmtilegur og síðast en ekki síst gagnlegur fyrir nemendur. Því miður reyndist oftast en ekki erfitt að ná fram samvinnu og fáir í nemendahópnum á haustönn 2009 voru tilbúnir að hrista upp í sér bregða á leik, sýna virkni og taka þátt í að búa til líflega kennslustund með því sýna jákvæðni. Þau voru mjög íhaldssöm og föst í því hvað væri „eðlilegt“ og hvað „ætti að gera í skóla“. Öll abstrakt hugsun var þeim viðs fjarri. Sjónarmið flestra einkenndust oftast af því að dæma umræður, leiki og allt viðfangsefni sem ekki var sett fram á blaði eða í bók, sem barnalegt athæfi, móðgun og hreinlega stórskritið! „Það mætti halda við værum í leikskóla!“ „Halló, erum við ekki í framhaldsskóla?!“

Tímasetning og skólastofa. Vissulega er hluti vandamálsins sú staðreynd að hugsunarháttur og andlegur þroski 16 ára fornámsnemenda er sjaldnast kominn á það stig að nemandinn sé tilbúinn að stökkva út fyrir hinn hefðbundna ramma sem skapast í skólastofunni. Hvað þá með hálfókunnugum kennara sem trommar inn í hátíðarsalinn, (þar sem kennslan fór fram), klukkan 8 á mánudagsmorgni! Nemendum hugnaðist illa að fara í naflaskoðun og fjalla um ýmis hugtök sem voru þeim framandi og það sérstaklega á þessum tíma skóladags! Auk þess er ekki þægilegt að skapa notalegt, hlýlegt andrúmsloft í hátíðarsalnum þrátt fyrir að þar sé gott rými til að hlaupa um. Í síðasta tíma annarinnar kveikti kennari á kertum og bauð upp á morgunmat og við það skapaðist allt önnur stemning. Nemendur sátu þrúðir, mauluðu smákökur, supu á kakói og kunnu vel að meta þessa viðleitni til að skapa gott andrúmsloft. (HC)

Aðstoð vorönn: Sú nýbreytni var tekin upp á vorönn að skipta hópnum í tvennt í aðstoðartímum og setja inn tvo 40 mínútna aðstoðartíma á viku. Þetta gafst einkar vel og auðveldara að aðstoða nemendur þegar þeir eru færri í einu.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Stærðfræði: Lokapróf þessara nemenda var það sama og hjá U93 hópnum. Af 9 nemendum náðu 5 yfir 5. (EB)

Íslenska haustönn: Lokapróf og möppur með verkefnum annarinnar. Að auki próf í stafsetningu. Má segja að námsmat hafi verið samsett, símat 50% og lokapróf 50%. Námsmatsaðferðir hefðu mátt vera markvissar til leiðsagnar, búa til einhvers konar hringrás – nemandi vinnur, fær athugasemdir og vinnur svo áfram í sama verkefni. Gæti þess vegna „pantað“ einkunn; *hvað þarf ég að laga til að fá 8.* (RES)

Íslenska vorönn: Í áfanganum gilda verkefni og próf á önninni 50% á móti 50% lokaprófi. Virðist virka ágætlega þar sem nemendur safna glósum og verkefnum annarinnar í möppu sem síðan nýtist þeim til upprifjunar fyrir lokaprófið. (BEB)

Sjálfstyrking haustönn: Námsmat var eftirfarandi: a) Mappa = 25% öll verkefni og blöð sem nem. fékk á önninni b) Fyrirlestur = 25% (viðtal og kynning á öðrum nemanda) c) Virkni í tímum og þátttaka í umræðum = 25% d) Ritgerð = 25% (Óskalíf mitt – hvernig sé ég mig eftir 20-30 ár?) (HC)

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Í september sótti HC námskeið í Borgarholtsskóla um hugkort og leiklist í framhaldsskólakennslu. Auk þess sótti hún annað námskeið, einnig á haustönn hjá Leikfélagi Selfoss þar sem stjórnandi var Árni Pétur Guðjónsson. Á námskeiðinu var fjallað um raddbeitingu, hópefli, samvinnu og leiktúlkun.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og almennt um kennsluefni

Íslenska haustönn: : Efni frá kennara; þjóðsögur, draugasögur, youtube. Legg til að Korku verði lagt – það er mín tilfinning að styttri textar henti betur, ganga yfir móa

frekar en að leggja í strembna fjallgöngu, fjallgöngu sem einstaklingurinn sér aldrei fram á að ljúka og ákveður þar af leiðandi að reyna ekki. Leyfa þeim jafnvel að velja sjálf textana, nota tímarit, dagblöð eða netmiðla. (RES)

Íslenska vorönn: Enn er moðað úr Málþekkingu eftir Helgu Sigurjónsdóttur. Talsvert unnið upp og matreitt á verkefnablöðum. Skólavefurinn nýttist vel í bókmennta-kennslunni. Nemendur fóru í tölvustofustofu 311, hlustuðu á Hrafnkels sögu og unnu verkefni í tölvum. Það gafst vel með þennan hóp þar sem allmargir eiga erfitt með textalestur. (BEB)

Sjálfstyrking: HC skoðaði ýmislegt útgefið efni um lífsleiknikennslu ásamt efni sem sérdeild FSu hefur notað. Sumt ljósritaði hún og dreifði til nemenda enda alltaf nokkrir nemendur sem kjósa að fá blöð til að vinna eftir í tímum. Einnig notaði HC mikið efni og hugmyndir úr bókinni *Klárari en þú heldur* þar sem fjölgreindarkenningin er kynnt. (HC)

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

(ÁE). Efla samskipti við alla kennara fornámsnemenda (íþr, danska..) og hafa eitthvert prógramm til að finna út mjög fljótlega hvort nemendur séu rétt staðsettir í byrjunaráföngum kjarnagreina. Sniðugt kerfið með að kenna t.d. U 102 og 103 í sama stökk svo auðveldara sé að færa fólk.

(HC). Til að styrkja traust milli nemenda og kennara er nauðsynlegt að kennari hitti nemendur sína oft en einu sinni í viku. Eins er afar slæmt þegar í hópinn raðast nemendur sem hafa verið saman í skóla eða jafnvel í bekk alla sína barnaskólatíð. Þá hafa oft þróast neikvæð samskiptamynstur milli sumra nemenda sem smita út frá sér og trufla allan nemendahópinn því erfitt getur verið að brjóta upp þessi samskiptamynstur og skapa jákvæðan anda. Kostur væri að kenna sjálfstyrkingu sem stutt markvisst námskeið fremur en að hafa einn fastan tíma í stundaskrá alla önnina eins og tíðkast hefur undanfarin ár. Nauðsynlegt er að endurskilgreina fagið SJÁF912 og skoða jafnframt hvernig kennsla henti nemendum á þessum tímamarki skólanámsins. Kennsluformið þarf að stuðla að því að nemendur læri og styrki sig með því að framkvæma eitthvað sjálfir. Sannreyna að þau geti eitthvað sjálf ef þau leggja sig eftir því. Þeim gagnast lítt að láta segja sér hvernig á að gera hlutina og hvað þarf til að sjálfíð styrkist. Þau verða að prófa sig áfram, reka sig á og læra af mistökunum, gleyma sér í því sem þau taka sér fyrir hendur og fara á flug. En ekki í tölvuleik heldur í raunverulegu lífi. Áfangann/námskeiðið mætti hugsa sem einskonar (raunverulegt) ferðalag út fyrir skólann sem nemendur yrðu að skipuleggja sjálfir frá A-Ö.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Íslenska vorönn: Kennari tók við hópnum um jól og fann fljótlega að einstaklingar í honum glímdu við margvíslegan vanda. Miðað við framkomu og hegðun einstaka nemenda er vandinn á stundum allur annar en námslegur og um tíma leitaði sú spurning á hvort stuðningsfulltrúi hefði ekki þurft að fylgja. (BEB)

Annað

Stærðfræði: Nemendurnir reyndust ljúfir og kurteisir. (EB)

Frá kennslustjóra fornáms:

Fornámshópurinn var á þessu skólaári óvenju lítill og má leiða að því líkum að það helgist af því að búið er að fella niður samræmd próf. Því var breiddin í hópnum öðruvísi og flestir nemendur þurftu á mikilli hjálp að halda.

Að þessu sinni var fastur námsráðgjafi sem sinnti hópnum í samstarfi við undirritaða allt skólaárið og gafst það fyrirkomulag afar vel, tekið var á þeim vandamálum sem upp komu strax og brugðist við um leið. Samstarfið við námsráðgjafa var einkar gott og mæli ég með teymisvinnu sem þessari áfram þar sem nemendur og forráðamenn finna að vel sé haldið á spöðunum.

Að lokum vil ég þakka kennurum í fornámi fyrir einkar gott samstarf og samvinnu á skólaárinu.

Guðfinna Gunnarsdóttir
11. maí 2010

Lífsleikni

Fagstjóri: Gísli Skúlason

Á haustönn 2009 voru 3 hópar í LKN 106 og einn í 103. Á vorönn voru 4 hópar í LKN 106. Kennarar voru eftirtaldir:

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
Jón Özur Snorrason	LKN 106	10	10
Hrefna Clausen	LKN 106	10	10
Vera Ósk Valgarðsdóttir	LKN 106	10	10
Bryndís Guðjónsdóttir	LKN 106	10	10
Guðfinna Gunnarsdóttir	LKN 106		10
Kjartan Ólason	LKN 106		10
	LKN 103	6	
Björgvin Eyjólfur Björgvinsson	LKN 106	10	10
Gísli Skúlason	LKN 106	10	10
	Samtals	66	80

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Jón Özur og Hrefna:

Málfundir, spurningakeppnir og kvikmyndasýningar hafa fengið meira vægi í kennslunni en áður á þessu skólaári. Stýrðar rökræður koma vel út og virðast falla nemendum vel. Flestir sýna virkni, eru hugmyndaríkir og augljóslega fær gagnrýnin hugsun og keppnisskap að njóta sín. Í samskiptahlutanum fékk einn hópurinn þá hugmynd að búa til stuttmynd um samskipti og tilfinningar. Vel tókst til og nemendur stóðu sig með þryði og lifðu sig vel inn í vinnuna.

Á vorönn skiluðu nemendur heimaverkefni *Þetta er ég* sem er upphaflega hugmynd frá VV og BG. Í því verkefni blómstruðu sumir en aðrir köstuðu til höndum og gáfu sér ekki tíma til að lita upp frá öðrum (heima)verkefnum..... Í umhverfislutanum sýndum við bíómyndina Home (eftir ábendingar frá einum nemanda). Juno var einnig sýnd og umræður um hana á eftir.

Bryndís og Vera:

Við reyndum nýja aðferð í skráningu dagbókar. Leyfðum krökkunum að ráða dagbókarforminu. Þeir máttu skrifa á hefðbundin dagbókarblöð, í dagbækur/stílabækur og á Angel. Þetta hafði bæði kosti og galla í för með sér. Kostirnir voru þeir að þarna voru krakkar sem nutu sín í frjálsum dagbóarskrifum, komu sér upp sérstökum dagbókum og færslur voru mjög skemmtilegar og nákvæmar. Gallarnir eru hins vegar þeir að utanumhaldið varð ekki eins markvisst og það voru nokkrir sem skiluðu engum dagbókum.

Við prófuðum einnig nýja leið í vinnu á fréttastofu sem gafst vel. Við höfðum færri hópa/fréttastofur en um leið fleiri í hverjum hóp, þ.e. fleiri hlutverk sem nemendur þurftu að sinna í hverri fréttastofu. Fréttastofurnar urðu mjög fjölbreyttar þar sem allir höfðu hlutverk, s.s. búningahönnun, sviðsetningu, útlit, fréttamenn, hljóðmenn o.s.frv. Útkoman varð margfalt betri en við höfum séð áður í þessum þætti námsins.

Ninna og Kjartan:

Nokkur ný verkefni urðu til í samstarfi okkar Kjartans, meðal annars var kvikmyndin Juno sýnd og notuð fyrir verkefni um sjálfsmynd og ímyndir. Einnig voru nemendur sendir út af örkinni í gönguferð sem undirbúning fyrir menningarferð.

Björgvín og Gísli:

Kvikmyndir voru sýndar (Consuming Kids og Juno) sem reyndust ágætlega sem kveikjur inn í einstaka námsþætti. Umhverfis- og neytendaverkefni varð ekki stórt en tókst þó nokkuð vel til að vekja til umhugsunar um efnið. Í umræðum um staðalímyndir kom á óvart hve ungmennin okkar eru illa haldin af Pólverjahatri. Væri ástæða til að veita því sérstaka athygli og reyna að vinna gegn því.

Við tókum eins konar ljósmyndamarþon í tengslum við tilfinningaverkefni og tókst nokkur vel. Einnig var lagt að nemendum að vinna verkefni í myndbandaformi og kveikti það í nokkrum að prófa sig áfram. Einnig héldum við málfundi á báðum önnum og tókst nokkuð vel, betur þó á vorönn. Útbúið var form til að skila dagbók í tölvuformi og var vel þegið af nokkrum nemendum.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Jón Özur og Hrefna:

Símat í LKN hefur verið í föstum skorðum á árinu. Gott getur verið að samræma mat á stærri verkefnum eins og verið hefur milli LKN hópa.

Jafningja-/sjálfsmat skilar ágætum árangri. Þ.e. þegar nemendur eru beðnir um að skila í skilabox á Angel. Oftast eru nemendur heiðarlegir og svara sannleikanum samkvæmt.

Bryndís og Vera:

Við teljum að mætingareinkunn eigi ekki að gilda eins mikið og nú er. Krakkarnir fá sérstaka mætingareinkunn í skólanum. Krakkar sem hafa verið lengi í burtu t.d. vegna veikinda eða æfingaferða geta verið með 10 í þessari einkunn ef þau hafa tilskilin leyfi og vottorð. En krakkar sem alltaf hafa mætt en sofa svo tvisvar yfir sig fá 8,0. Þetta er ekki gott mál.

Nemendur okkar voru flestir nokkuð góðir í að meta hvert annað (jafningjamat) en þó bar á mati þar sem ekkert mark var á takandi (s.s. örökstuddar tíur). Það þarf að uppfæra könnunina í lok námstækniþrófs. Þar eru einhverjar spurningar sem eiga ekki við lengur, t.d. vísun í skóladagbókina sem ekki er notuð lengur.

Ninna og Kjartan:

Hér var um símat að ræða, matið gekk mjög vel að mínu mati, sérstaklega þar sem unnið var jafnt og þétt yfir önnina.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Jón Özur og Hrefna:

Kennarar hafa sótt nokkur námskeið sem tengjast á einn eða annan veg kennslu í LKN.

Jón Özur fór á námskeið hjá Endumenntun Háskóla Íslands í leikritun hjá Hlín Agnarsdóttur leikstjóra og rithöfundu á vorönn 2010.

Hrefna sótti námskeið á haustönn 2009 hjá Leikfélagi Selfoss í raddþjálfun og leiktúlkun þar sem stjórnandi var Árni Pétur Guðjónsson leikari og leikstjóri.

Ninna:

Hef farið undanfarin sjö sumur í Leiklistarskóla Bandalags Íslenskra Áhugaleikfélaga og hef getað nýtt mér mikið af því sem ég hef lært þar í kennslu. Sérstaklega varðandi samhringingu, tjáningu og fleira.

Gísli:

Sótti haustnámskeið hjá F-Líf (Edda Björgvins fjallaði um hómor og Guðrún Ragnarsdóttir um borgaravitund). Fór einnig á námskrárfund Félags móðurmálskennara líkt og aðrir íslenskukennarar í FSu. Þá er ótalinn aðalfundur F-Líf sem Gísli og Björgvin sóttu.

Annað

Gestir komu frá Ástráði báðar annir. Fulltrúi Umferðarstofu kynnti nýtt efni sem kennarar eiga síðan að nota (vorönn), og Íris Þórðar kynnti forvarnastarf sitt á haustönn og hélt erindi um geðrækt á vorönn.

Vera og Bryndís:

Þurfum að vera virkari í því að deila hugmyndum um námsaðferðir, verkefni, o.s.frv. og e.t.v. leggjast yfir áfangann í heild sinni og uppfæra hann aðeins.

Ninna:

Alltaf jafn gaman að kenna lífsleikni, við vorum með frábæran hóp af ungmönnum sem ég lærði mikið af að umgangast.

Ég tel lífsleikniáfangann vera afar mikilvægan í upphafi skólasetu nemenda hér í FSu og legg áherslu á að hann fái að halda sínum sessi hér í námsskrá skólans þegar hún verður endurskoðuð.

Björgvin og Gísli:

Margir slakir og latir nemendur voru hjá okkur á báðum önum. Þó var meiri viðleitni til verka eftir jóla, einkum undir lokin þegar ljóst var hvert stefndi. Nokkurt fall var báðar annir (féllu 8 fyrir jóla, 3 á vorönn). Báðir hópar einkenndust af allmikilli tölvunotkun sem tengdist náminu misvel. Við höllumst þó að því að þar sé ekki um orsök heldur afleiðingu slægra vinnubragða þessara nemenda að ræða, enda má ekki gleyma þeim sem ráða vel við að nýta tæknina til uppbyggilegra hluta.

Björgvin og Gísli settu saman könnun á viðhorfum útskriftarnema í FSu til lífsleikni. Könnunin var lögð fyrir útskriftarhópin í lok annar og benda bráðabirgðaniðurstöður til þess að viðhorfið sé jákvætt til áfangans og nemendur telji að hann eigi fullan rétt á sér. Nánar verður fjallað um könnunina þegar frekari niðurstöður liggja fyrir.

Nokkur umræða er innan kennarahópsins um framtíð áfangans. Það er samdóma álit hópsins að áfanginn og/eða áherslur hans eigi fullan rétt á sér inn í framtíðina og hann hafi átt ríkan þátt í að gera skólann og orðspor hans að því sem raun ber vitni. Jafnframt eru ýmsar vangaveltur uppi um nauðsynlegar breytingar á honum og hvernig hann geti þjónað nemendum enn betur.

Gísli Skúlason, fagstjóri lífsleikni.

Raungreinar

Kennslustjóri: Ester Ýr Jónsdóttir

Kennsluskipting raungreina veturinn 2009 – 2010 var eins og tilgreint er í töflu 1. Alls kenndu átta kennarar þá raungreinaáfanga sem skólinn bauð upp á þennan vetur.

Nafn kennara	Áfangi	Haustönn 2009 Kest.fj.	Haustönn 2010 Kest.fj.
Arnheiður B. Smáradóttir	Nát 113	12	12
Ester Ýr Jónsdóttir	Efn 203	6	
	Efn 313		6
	Líf 203		6
	Nát 103	12	12
	Nát 123	12	
Íris Þórðardóttir	Lol 103		6
	Lol 203	6	
Jón Grétar Hafsteinsson	Efn 103	6	8
	Nát 123	12	12
	Nær 103		6
Úlfur Björnsson	Eðl 102	4	
	Jar 113		6

	Jar 203	6	
Valgeir Bjarnason	Nát 103	6	
Þorsteinn B. Einarsson	Eðl 103	14	6
	Eðl 203	6	8
	Eðl 303		6
Örn Óskarsson	Jar 103	6	6
	Líf 103	6	6
	Líf 113	6	
	Líf 223		6
	Nát 103	6	6
	Samtals:	126	118

Tafla 1. Kennsluskipting.

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Arnheiður: Kennslan byggðist á fyrirlestrum að hluta, verkefnavinnu og sýnikennslu þar sem jarðfræðin var færð inn í skólastofuna svo að nemendur gætu „snert“ hana. Engar sérstakar nýjungar voru teknar í gagnid, heldur var reynt að hafa kennsluna eins fjölbreytilega og hægt var.

Ester: Námsmat verklegra æfinga var áfram í þróun. Samin voru nokkur heimaðæmi í efnafræði til viðbótar. Verkefni í Nát 103 voru gerð myndrænni, með þeim tilgangi að auka hugtakaskilning nemenda, sbr. DNA, RNA og prótein, verkefni sem enn héngu uppi á vegg í líffræðistofunni þegar þessi skýrsla var rituð.

„Svindlpróf“ var prófað í Nát 103 með sæmilegum árangri. Kennari afhenti nemendum miða sem þeir fengu að skrifa á eins mikið og pláss leyfði. Miðann tóku nemendur svo með sér í prófið og skiluðu með því. Í ljós kom að þeir nemendur sem höfðu góð tök á námsefninu bjuggu til bestu miðana en nýttu þá lítið í sjálfu prófinu, höfðu lært efnið. Þeir nemendur sem voru í meðallagi bjuggu til góða miða og þeir virtust nýttast þeim vel en lakari nemendur týndu sér svolítið í að leita að lausnum prófspurninga á miðanum og töpuðu allt og miklum tíma þannig.

„Samvinnupróf“ var prófað í Efn 313. Nemendur voru paraðir, einkunn úr fyrri prófum réði því hverjir lentu saman. Hvert par fékk tvö eintök af prófinu en máttu einungis skila einu eintaki, parið varð að koma sér saman um rétta svarið áður en skilað var.

Ég tel að nemendur hafi lært heilmikið af þessum óhefðbundnu prófum, markmiðið hlýtur að vera að nemendur læri af prófum og að kennarinn fái um leið hugmynd um hvar nemandinn stendur.

- Íris: Haldið áfram með það sem frá var horfið, unnið meira inni í sal í leikrænum þáttum líffæra- og lífeðlisfræðinnar. Eykur skilning og gerir námið skemmtilegra. Litum myndir til að glöggva okkur á skiptingu líffæra, virkni og heitum. Færum latínuna inn á allar myndir.
- Úlfur: Jar 113 sett upp í Moodle kennslumhverfinu. Grunnöggn annarra áfanga vistuð og hafin yfirfærsla á LAN 103.
- Valgeir: Hliðstæð kennsla og á fyrra ári.
- Örn: Allt með föstu og margreyndu sniði.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Arnheiður: Á haustönn voru lögð fyrir nemendur 4 lokapróf og luku nemendur hverjum hluta áfangans fyrir sig. Á vorönn var ákveðið að hafa 4 skyndipróf og eitt lokapróf úr áfanganum. Nemendur sem stóðust kröfur áfangans þurftu ekki að taka lokapróf. Á báðum önnum voru ýmis verkefni lögð fyrir nemendur, bæði lítil og stór. Einnig var jafningjamat reynt í einu verkefninu, bæði þurftu nemendur að meta sína vinnu og eins vinnu annarra nemanda og gekk það mjög vel.

Ester: Allir áfangar eru símatsáfangar þar sem 3-5 próf eru á önninni ásamt verkefnum af ýmsu tagi. Í öllum tilfellum tókst vel til. Mat verkefna á önninni var á formi frammistöðu-, jafningja- og sjálfsmats svo eitthvað sé nefnt.

Íris: Lokapróf 70%, annarpróf og svör við spurningum eftir hvern kafla og mæting 30%.

Jón Grétar: Efn 103: 40% annareinkunn og 60% lokapróf. Nát 123: símat, 45% verkefni og 55% lotupróf. Nær 103: 40% annareinkunn og 60% lokapróf.

Úlfur: Símat viðhaft í öllum ofantöldum áföngum.

Valgeir: Annarpróf (3 áfangapróf) 60%, verkefni 15%, verklegar æfingar (skýrslur) 20%, ástundun 5%.

Þorsteinn: Nemendur fá einkunn fyrir eftirfarandi:

- 1) Frammistöðu/ástundun : 15%
- 2) Miðannarpróf og skilaverkefni (12 til 14 á önninni): 20%
- 3) Verklegar æfingar: 15%
- 4) Lokapróf: 50%

Örn: Símat í öllum áföngum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ester: Verklegar æfingar í efnafræði – Teoría og praksís. Haldið á vegum Félags raungrainakennara dagana 2. – 3. júní 2009.

Landspendýr á Íslandi, 18. – 20. júní 2009, á vegum Samlífs.

Viltu verða orkubóndi? Námskeið haldið dagana 6. og 7. október 2009 á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Umsjón með vattvangsnámi fyrir raungrainakennara, veturinn 2009 – 2010, á vegum Endurmenntunar HÍ.

Öryggi og verklegar æfingar. Haldið á vegum Félags raungrainakennara dagana 27. og 28. maí 2010.

Úlfur: Okt. 2009 Námskeið um sjálfbæra þróun – EHÍ

Nóv. 2009 Námskeið um sjálfbært skipulag borga – EHÍ

Nóv. 2009 Námskeið um borgarskipulag og þróun þess – EHÍ

Vettvangsnám fyrir raungreinakennara, veturinn 2009-2010 á vegum EHF.
Örn: Landspendýr á Íslandi, 18. – 20. júní 2009, á vegum Samlífs.
Vettvangsnám fyrir raungreinakennara, veturinn 2009-2010 á vegum EHF.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Arnheiður: Netíð og fréttamiðlar voru nýttir betur en oft áður, og þá aðallega vegna eldgosanna í Fimmvörðuhálsi og Eyjafjallajökli.

Ester: Allir áfangar voru fluttir úr Angel yfir í Moodle, og kenndir þar, á vorönn 2010. Gífurleg vinna fylgdi þessu en við fyrstu sýn er ég ánægð með Moodle. Margt er mun einfaldara í Moodle en Angel, gegnsæið er meira, sem er jákvætt.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Ester: Öryggismálum í efnafræðistofunni gerð betri skil en áður. Eftir námskeið sem sótt var í lok maí 2010 er ljóst að ýmislegt má betur fara í þeim málum.

„Váið“ í efnafræðinni endurvakið með einföldum og ódýrum aðferðum.

Áfram unnið að þróun verklegra æfinga og mati á frammistöðu nemenda við framkvæmd þeirra. Hvernig vek ég áhuga nemenda á efnafræði?

Íris: Halda áfram á þessari braut, nota salinn áfram.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Arnheiður: Finnst nauðsynlegt að geta farið með nemendur í a.m.k. eina ferð á önninni, fara út úr kennslustofunni og sýna þeim jarðfræðina á vettvangi.

Ester: Afla tekna með því að selja bílastæðakort fyrir önnina/veturinn, bæði nemendur og starfsfólk kaupi kortin.

Ástand reykinga í skoti við efnafræðistofu stórbatnaði eftir að þeir Guðmundur og Sigurður „skómenn“ hófu störf sín, þ.e. tilfellum fækkaði til muna þar sem þurfti að reka nemendur í burtu vegna þessa.

Örn: Hætta við eineltisáætlunina. Nota peninga sem þar sparast til að borga fyrir námsferðir nemenda og eðlilegt viðhald á skólalóðinni. Snyrtimennska utan- og innandyra er öruggasta leiðin til að stofnunin fái tilhlýðilega virðingu útávið. Sömuleiðis er nauðsynlegt að losna við reykingaliðið burtu af skólalóðinni, burtu frá skólanum.

Annað

Arnheiður: kennslan gekk mjög vel í vetur, kennsluaðferðir voru fjölbreyttar og námsmat líka. Nemendur voru sérstaklega áhugasamir um jarðfræði þennan veturinn og bara gaman að kenna þeim J

Ester: Mikið áhyggjuefni að Efn 203 hafi verið skorinn.

Niunda landskeppnin í efnafræði fór fram þriðjudaginn 2. mars 2010. Þrír nemendur við FSu tóku þátt og stóðu þau sig öll með þryði. Fimmtán nemendur úr forkeppni komast áfram í úrslitakeppni þar sem fjórir bestu skipa síðan Ólympíulið Íslands í efnafræði, keppnin í ár verður haldin í Japan. Á annað hundrað nemenda tóku þátt á landsvísu. Einn nemandi frá FSu hafnaði í 16. sæti, var einu sæti frá því að komast áfram í úrslitakeppnina, en hinir tveir voru í 42. og 43. sæti.

Úlfur: Ráðstefnur og vinnustefnur:

16. – 17. okt. 2009 Vinnustefna um málefni sveitarfélaga - Akranesi

28. janúar 2010 Ráðstefna um landnotkun – Selfossi

24. mars 2010 Ráðstefna um landnýtingu - Gunnarsholti

Valgeir: Í áfanganum voru nokkrir nemendur sem virtust ekki hafa áhuga eða getu til að takast á við námsefnið. Slíkir nemendur þurfa e.t.v. annars konar úrlausn varðandi þetta námsefni, t.d. styttri eða hægari áfanga.

Örn: Eftir reynslu síðustu tveggja ára af niðurskurði á námsferðum t.d. í jarðfræði og dýrafræði (síðasta önn) er ljóst að finna verður leið til að fjármagna slíkar ferðir á næstu önnum. Námsferðir út í náttúrunni gefa nemendum margfalt meira en hefðbundnar kennslustundir þó svo reynt sé að bæta upp með ljósmyndum og kvikmyndum.

Niðurskurður á framboði áfanga er að öllum líkindum óhjákvæmilegur á tímum sem þessum, þegar kreppir að. Það vekur ótta raungreinakennara almennt þegar grunnáfangar eru skornir. Þegar grunnáfangar eru ekki lengur kenndir er framtíð framhaldsáfanga í húfi og þar með er skólinn ekki að standa sig gagnvart þeim nemendum sem þurfa á þessum áföngum að halda til að geta sótt það framhaldsnám í háskólum sem þeir hafa stefnt að.

Raungreinakennarar við FSu hafa sett saman drög að breyttum námsbrautum á sviði náttúruvísinda. Er það von okkar að með nýrri námskrá búi skólinn betur að þeim nemendum sem stefna á framhaldsnám og skili af sér sterkari einstaklingum. Með breyttum áherslum vonumst við eftir því að ásókn í raungreinar aukist og að sama skapi framboð raungreinaáfanga. Drögin hafa verið sýnd kennurum í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi og Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Keflavík og fengið góðan hljómgrunn.

Efni skýrslunnar er unnið úr einstaklingsskýrslum þeirra kennara sem kenndu raungreinar veturinn 2009 – 2010, nöfn þeirra má sjá í töflu 1. Allir kennarar skiluðu skýrslu.

Selfossi, 31. maí 2010

Ester Ýr Jónsdóttir,
kennslustjóri raungreina

Starfsbraut

Kennslustjóri: Hörður Ásgeirsson

Kennarar deildarinnar, stundafjöldi

Átjándi starfsári starfsbrautar lýkur nú á þessu vori. Kennt var í fimm hópum og voru nemendur 27 talsins í upphafi skólaárs.

**Anna Þóra Einarsdóttir,
Guðmundur Björgvin Gylfason,
Hulda Finnlaugsdóttir,
Hörður Ásgeirsson,
Jóhanna Guðjónsdóttir**

Jóna Ingvarsdóttir.

Stuðningsfulltrúar voru:

Brynhildur Geirsdóttir

Guðríður Egilsdóttir

Pálína V. Sigtryggsdóttir.

Pálína sagði starfi sínu sem stuðningsfulltrúi lausu 1. febrúar sl.

Kennslu í verklegum greinum skólaárið 2009 – 2010 sinntu eftirtaldir:

Elísabet H Harðardóttir – myndlist - leirlist

Guðfinna Gunnarsdóttir – leikræn tjáning

Helga Jóhannesdóttir - hannyrðir

Hugrún Jóhannsdóttir – reiðmennska

Kristín Sigurmarsdóttir – hannyrðir

Kristján Þórðarson - trésmíði

Magnús Tryggvason - íþróttir

Margrét J. Stefánsdóttir – matreiðsla

Rakel Magnúsdóttir - íþróttir

Sigríður Sæland – íþróttir

Sissel Tveten – reiðmennska

Stefán Þorleifsson - tónmennt

Svanur Ingvarsson - trésmíði

Þorvaldur Guðmundsson - málmsmíði

Á atvinnulífsbraut voru í upphafi skólaárs 16 nemendur og kenndu eftirtaldir kennarar bóklegar greinar á atvinnulífsbraut.

Aðalheiður Jónasdóttir – danska	6 kest.
Bryndís Guðjónsdóttir – íslenska	6 kest.
Elísabet Valtýsdóttir – danska	6 kest.
Eyvindur Bjarnason – íslenska	6 kest.
Guðfinna Gunnarsdóttir – enska	12 kest.
Hörður Ásgeirsson – stærðfræði	6 kest.
Ida Løn – danska	6 kest.
Rósa Marta Guðnadóttir – íslenska	6 kest.

Kennslumagn í sérkennslu var að meðaltali um 250 kennarastundir eða um tíu stöðugildi á önn á starfsbraut og atvinnulífsbraut. Þar að auki voru stuðningsfulltrúar í sem svarar 306% stöðuhlutfalli.

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu.

Sérkennslan hefur verið með nokkuð svipuðu sniði hér í skólanum undanfarin ár þó svo að alltaf bætist eitthvað nýtt við á hverju ári, en breytingarnar eru e.t.v. mestar í tengslum við þá nemendur sem koma inn á brautina hverju sinni. Námsefnið tekur mið af stöðu þeirra en almennt má segja að kennsluhættir séu með hefðbundnu sniði. Tilraun var gerð með kennslu í reiðmennsku á vorönninni og voru 6 nemendur skráðir í þetta nám og voru kenndar 2 stundir í reiðhöllinni í Votmúla þar sem nemendur lærðu undirstöðuatriði í umgengni við hestinn ásamt því að beisla, leggja á, læra rétta ásetu, læra að fara fet, brokk og tölt ásamt því að hringteyma hest í gerði. Námið miðar að því að nemendur geti sjálfir farið í útreiðatúr á víðavangi og lært að stjórna hestinum miðað við aðstæður. Þá voru kenndar tvær stundir í bóklegri hestamennsku en námsefnið var unnið upp úr bókinni „Knapamerki 1“. Tilraunin tókst afar vel og voru bæði nemendur og kennarar mjög ánægðir með kennsluna.

Nýjar kennslubækur og kennslugögn á árinu

Enn eykst notkun kennsluefnis á interneti og hefur undirritaður haldið áskrift að “skólavefurinn.is”, en þar er töluvert af nýtilegu efni til sérkennslu. Kennarar starfsbrautar nýttu sér áfram þennan möguleika eins og verið hefur undanfarin ár. Kennarar starfsbrautar hafa verið iðnir við að sérútbúa og sérsníða námsefni sem hentar þessum breiða hóp sem nemendur okkar er og því mikilvægt að hafa ætíð aðgang að góðu safni kennslubóka og öðru kennsluefni sem fyrst og fremst henta grunnskólastiginu því það er þar sem leitað er fanga og fyrirmynda að kennsluefni á brautinni.

Námskeið og fyrirlestrar sem kennarar deildarinnar hafa sótt.

Sérkennarar sóttu námskeið í táknmálskerfinu BLISS en Sigrún Grendal Magnúsdóttir leiðbeindi kennurum um notkun þess einnig fóru nokkrir starfsmenn brautarinnar á námskeið á vegum Tölvumiðstöðvar fatlaðra í notkun rofabúnaðar í tölvum. Þá stunda tveir sérkennarar starfsbrautar mastersnám í sérkennslufræðum á þessu skólaári.

Úrbætur í þágu Starfsbrautar sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Sem fyrr þarf að huga að úrbótum varðandi salernisaðstöðu fyrir fjölfatlaða nemendur brautarinnar og hafa tillögur að úrbótum á þessu sviði verið viðraðar áður á þessum vettvangi.

Tillögur að starfsáætlun fyrir næsta skólaár.

Þar sem innritun er enn ekki lokið liggur ekki fyrir hversu margar hópar verða á starfsbraut næsta skólaár eða hvort þörf er á aukningu í mannahaldi. Í auglýsingu menntamálaráðuneytisins í vor var gert ráð fyrir að flýta innritun þannig að henni væri lokið um mánaðamótin febrúar mars. 20 nemendur hafa innritast þegar þetta er ritað en von er á einum til tveimur til viðbótar á næstu dögum.

Reikna má með að kennt verði í fimm til sex hópum á starfsbraut á næsta skólaári en auk þess í einum til tveimur hópum á atvinnulífsbraut.

Kennslufyrirkomulag verður væntanlega með svipuðu sniði og verið hefur. Stuðst verður í megindráttum við leiðbeiningar námskrár um þrískiptingu hópans í starfsbr. 1 – 2 og 3 eftir fötlunarstigi.

Sértækir námsörðugleikar.

Greining og ráðgjöf.

Leit að nemendum með lestrarhömlur fór fram með líkum hætti og verið hefur mörg undanfarin ár. Allir nýnemar í íslensku þreyta lesskilningspróf sem notað er sem nokkurs konar skimunarpróf. Þeir nemendur sem ekki standast lágmarkskröfur á þessu prófi koma til frekari skoðunar hjá sérkennara. Alls komu milli 60 og 70 nemendur í viðtöl og greiningu á þessu skólaári og greindist yfirgnæfandi meirihluti þeirra með mismunandi alvarlegan lestrarvanda. Auk þess er nokkuð um það að nemendur sem hafa verið greindir áður, komi í stuðningsviðtöl. Einnig leita foreldrar nýnema eftir ráðgjöf í framhaldi af greiningu.

Gott samstarf var við námsráðgjafa vegna greiningarinnar. Nemendur sem greinast með leshömlur eiga rétt á þjónustu frá Blindrabókasafni Íslands (hljóðbækur) en eiga einnig rétt á ýmiss konar tilhliðrun varðandi próftöku, s.s. lengri próftíma, stækkað letur á prófum, próf lesið inn á CD diska eða að taka munnlegt próf. Sú nýlunda komst á hjá Blindrabókasafni Íslands í vetur að nú geta nemendur með greiningu sjálfir hlaðið niður því lesefni sem þeir þurfa á að halda, beint frá BBÍ og er það til mikils hagræðis fyrir alla viðkomandi.

Sérkennsla á Sogni í Ölfusi
skólaárið 2009 - 2010

Sérkennsla á Sogni hófst með hefðbundnu hætti sl. haust og hófu þrír nemendur nám þar að þessu sinni. Á haust-og vorönn stunduðu 3 nemendur nám og tókst einum nemanda að ljúka 4 einingum í STÆ (102 og 122) á vorönninni.

Gert á Selfossi þann 7. júní 2010.

Hörður Ásgeirsson,

kennslustjóri í sérkennslu F.Su.

Stærðfræði

Kennslustjóri: Ólafur Bjarnason

Kennslumagn og skipting

Skólaárið 2009-2010 var skipting stærðfræðikennslunnar eins og taflan hér fyrir neðan sýnir. Ellefu kennarar kenndu stærðfræði á haustönn og tíu á vorönn. 5 kennarar voru í fullu starfi við stærðfræðikennslu á haustönn en fjórir á vorönn.

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
Eyvindur Bjarnason	Stæ 122	6	
	Stæ 2S36		6
	Stæ 7S36	6	
	Stæ F936	6	
	Stæ U93*		6
Hörður Ásgeirsson	Stæ 2S36		6
	Stæ 7S36	6	
Ingvar Bjarnason	Stæ 102	6	6
	Stæ 103	12	
	Stæ 202		6
	Stæ 203	6	6
Jón Grétar Hafsteinsson	Stæ U93	6	
	Stæ 262	6	
Kjartan Ólason	Stæ 102	12	
	Stæ 122	6	12
	Stæ U93	6	
Magnús Mátsson	Stæ 102	12	6
	Stæ 122	6	6
	Stæ 202	6	
	Stæ 203		6
	Stæ 403		6
Ólafur Bjarnason	Stæ 102	12	12
	Stæ 122	6	
	Stæ 313	6	6
	Stæ 413		6
	Stæ U93	6	6

Renata Lis	Stæ 303	6	6
	Stæ 403	6	6
	Stæ 503	6	6
	Stæ 513	6	
	Stæ 603		6
	Stæ 703	4	
Skúli Halldórsson	Stæ 122		6
	Stæ 203		6
	Stæ 262		6
	Stæ 303	6	
	Stæ 403	6	
Úlfur Björnsson	Stæ 262	6	6
Ægir Sigurðsson	Stæ U93		6
	Stæ 103	6	6
	Stæ 202	6	6
	Litla Hraun	9,6	9,6
Auk þess hafði Ægir umsjón með fjarnámi grunnskólanema í Stæ 103 á haustönn.			
	Samtals	205,6	177,6

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Nokkrir kennarar deildarinnar kynntu sér notkunarmöguleika „Wolfram Alpha“ og „GeoGebra“. Þetta eru tölvuforrit sem hægt er að nálgast ókeypis á netinu og gæti reynst gott hjálpartæki við stærðfræðikennslu. Þetta á samt eftir að skoða mun betur og gera sér fyllri grein fyrir notkunarmöguleikum.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í stærðfræðiáfanganum U93 var námsmat byggt upp á ástundun og vandvirkni 20%, stöðupróf á önn 20% og lokaprófi 60%. Til að fylgja eftir þættinum um ástundun og vandvirkni skoðuðu kennarar vinnubækur nemenda með reglubundnum hætti. Þetta virtist vera hvetjandi fyrir nemendur og hefur vafalítið skilað einhverju í bættem námsárangri.

Sami háttur var hafður á í áfanganum stæ 102, nema að þar gildi lokapróf 70% á móti ástundun/vandvirkni 10% og stöðupróf/heimadæmi 20%

Í áföngunum stæ 102 og stæ 122 var ákvæði í kennsluáætlun, þar sem gert var ráð fyrir að nemandi sem uppfyllti 75% námsmarkmiða annarinnar gæti, ef hann vildi, sleppt lokaprófi. Nokkrir nemendur tóku þessari áskorun í báðum áföngum.

Í áfanganum stæ 413 var skiptingin þannig að lokapróf gildi 60% á móti verkefnum annarinnar sem giltu 40%. Verkefni annarinnar voru: Tölvupróf 10% og tvö hópverkefni, Verkefni A 5% og Verkefni B 25%

Í öðrum áföngum voru haldin hefðbundin lokapróf þar sem vægi lokaprófs var yfirleitt 80% á móti verkefnaskilum annarinnar 20%.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Námstefna Flatar, félags stærðfræðikennara var haldin á Hótel Selfossi dagana 2.-3. október 2009 undir kjörorðinu stærðfræði og veruleiki. Einn kennari Renata Lis sótti námstefnuna fyrir hönd skólans að þessu sinni. Í ljósi efnahagsástands var ekki verið að fjölmenna í þetta skipti. Á námstefnunni kynntist Renata m.a. forritinu GeoGebra sem hún hefur kynnt fyrir deildarstjóra.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Á haustönn var tekin í notkun kennslubókin Stæ 103 eftir Jón Þorvarðarson í áfanganum stæ 103. Að mati þeirra kennara sem kenndu þennan áfanga reyndist þessi breyting nokkuð vel og verður haldið áfram með bókina á næstu önn.

Í áfanganum stæ 403 var skipt um kennslubók á haustönn og tekin í notkun bókin stæ 403 eftir Jón Hafstein Jónsson o. fl. Verður sú bók notuð áfram á næstu önn.

Á næstu önn er einnig fyrirhugað að taka í notkun í stæ 203 kennslubókina Stæ 203 eftir Jón Hafstein Jónsson o. fl.

Þessar tvær bækur leysa af hólmi kennslubækur í bókaflokknum Stæ 3000 sem hafa verið notaðar undanfarin ár.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Nauðsynlegt er að ávallt séu aðstæður hvað varðar húsakost og búnað til stærðfræðikennslu sem bestar. Það er samdóma álit starfsmanna stærðfræðideildar að aðstæður í Selinu uppfylli ekki lágmarkskröfur hvað þetta varðar.

Tækjakostur

Á báðum önnum var séð til þess að lágmarksbúnaður væri til staðar í öllum kennslustofum þar sem stærðfræði er kennd skv. ábendingum í skýrslu fyrir skólaárið 2006-2007. Nú er lágmarksbúnaður í öllum stofum þ.e. góð reglustika, hringfari og gráðubogi ásamt rúðustrikuðum töflum.

Annað

Þann 6. október 2008 fór fram Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema 2009-2010 (forkeppni). Keppnin fór fram á tveimur stigum, neðra stigi fyrir nemendur á 1. og 2. ári framhaldsskóla og efra stigi fyrir nemendur á 3. og 4. ári. Fyrir hönd FSu tóku þátt 2 nemendur, einn á hvoru stigi. Keppendur af öllu landinu voru alls 405. Annar nemandinn úr FSu náði þeim árangri að komast í lokakeppni (var í 10.-11. sæti á neðra stigi) sem fram fór í mars 2010, en sigurvegurum í þeirri keppni gefst kostur á að taka þátt í Norrænni stærðfræðikeppni og í framhaldi af því er svo Alþjóðleg

stærðfræðikeppni sem fram fer erlendis í júlí í sumar en þangað komast væntanlega 6 keppendur frá Íslandi. Fullur vilji er innan stærðfræðideildar til að halda áfram þátttöku á þessum vettvangi.

Önnur stærðfræðikeppni, þ.e. Stærðfræðikeppni grunnskólanema á Suðurlandi fór fram í FSu þann 10. mars 2010. Þátt tóku tæplega 60 nemendur úr 8. 9. og 10. bekk frá ýmsum grunnskólum á Suðurlandi. Keppni þessi var haldin í samstarfi við Flensborgarskóla í Hafnarfirði, Skólaskrifstofu Suðurlands og nokkur fyrirtæki á svæðinu sem styrktu keppnina með ýmsum hætti s.s. með veitingum og verðlaunum. Sams konar keppni var haldin á sama tíma á Akranesi, í Hafnarfirði og á fleiri stöðum.

Það er von okkar í Stærðfræðideild að keppnir sem þessar stuðli að auknum áhuga og árangri í stærðfræði innan skólans sem utan.

Á vorönn í 12. viku, vikunni fyrir páskafrí, kom í heimsókn í skólann Kristín Bjarnadóttir frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Erindi hennar var að skoða nám og kennslu í nokkrum áföngum í stærðfræði. Var þetta liður í rannsókn hennar á stærðfræðikennslu í framhaldsskólum á Íslandi í byrjun 21. aldar. Áfangar þessir voru stæ 102, stæ 203 og stæ 403. Kristín framkvæmdi athugun þessa með mynddisks upptökum í kennslustundum, þar sem skoðaðir voru bæði nemendur og viðkomandi kennarar. Þeir kennarar sem komu að þessu verkefni í samvinnu við Kristínu voru Ingvar Bjarnason, Magnús Músson, Ólafur Bjarnason og Renata Lis.

Í framhaldi af þessum upptökum var Guðmundur Birgisson frá Menntavísindasviði H.Í. fenginn til að stýra vinnu áðurnefndra kennara sem gengur út á það hvort og þá á hvern hátt, hægt er að nota þessa vitneskju sem varðveitt er á mynddiskunum til þess að bæta nám og kennslu í stærðfræði við FSu.

Mörg undanfarin skólaár hefur verið starfrækt stuðningskennsla í stærðfræði við skólann. Sl. tvö skólaár hefur þessi kennsla verið veitt frá miðri önn til loka annar. Þá hefur verið miðað við að miðannarmat lægi fyrir. Reynslan af þessari kennslu sem Skúli Halldórsson hefur séð um hefur oftast verið nokkuð góð og margir nemendur náð sér á strik á þessum vettvangi. Á þessu skólaári sem nú er að líða fór þessi kennsla fram á svipaðan hátt á haustönninni einu sinni í viku, síðdegis á fimmtudögum eina klst. í senn (alls 7 sinnum). Á haustönninni sóttu þessa tíma að meðaltali tæplega 13 nemendur og flesta tímana aðstoðaði kennslustjóri deildarinnar Skúla við kennsluna.

En á vorönninni var tekin upp ný eyktaskipan þar sem þrisvar í viku var stoðtími í ½ klst. í senn eftir hádegi á mánud., þriðjud. og miðvikud. Þessir tímar komu m.a. í stað hefðbundinna stuðningstíma í stærðfræði. Ekki eru skjalfestar nákvæmar upplýsingar um notkun þessara tíma, en þó ljóst að hún var nokkur en þó mismunandi eftir áföngum.

Selfossi 27. maí 2010

Ólafur Bjarnason, kennslustjóri í stærðfræði.

SVIÐ: STARFSMENNTIR, LISTIR OG ÍPRÓTTIR

Listgreinar, hússtjórn og íþróttir

Kennslustjóri: Árni Blandon

Listir og menning (*Lim*) og kvikmyndir

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
Árni Blandon	Lim113		6
	Lim203	6	
	Kvk113	6	
	Kvk213		6
	Lek103		6
	Samtals		12

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Boðið var upp á leiklistarkennslu (Lek103), en sá áfangi hefur ekki verið kenndur hér í tíu ár. Áfanginn var hugsaður sem viðbrögð við kreppunni, leyfa nemendum að glíma við áhugamál sitt og hjálpa þeim til að létta af sér pressu. Mikið var staðið á sviðinu og margur leikþátturinn spunninn á staðnum, mikið hlegið.

Sleppt var menningarferð til Reykjavíkur á vorönn (Lim113) til að spara fyrir skólann. Þess í stað var gerð tilraun með að sýna fræðslumyndir í áfanganum tvær síðustu vikurnar og sleppa öllum bókum; lagt var próf fyrir nemendur í lokin til að prófa úr þessu efni. Prófið kom þannig út að þeir sem glímdu við athyglisbrest hækkuðu einkunn sína um tvo heila.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat. Gengur vel. Skýrsla flutt af menningarreisu í Lim203. Einni ritgerð skilað í hvorum kvikmyndaáfangi (tvö símatspróf í hvorum áfangi). Sex símatspróf í hvorum Lim áfangi. Mat: Harla gott.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Mikið fylgst með í kvikmyndahúsum ekki síst kvikmyndahátíðum. Kvikmyndatímarit lesin, farið á margar listsýningar og tónleika. Kennari verður í námsorlofi næsta vetur og kemur til baka sprenghlaðinn námskeiðasókn þarnausta haust.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Kennslubækur frá Þóri Þórisssyni vor notaðar í Lim áföngunum til að kenna tónlist. Kennslubókin *The Photography Book* er nú notuð í flestum Lim áföngum. Fræðslumyndir sem sýndar voru í Lim á vorönn fjölluðu um sögu dægurtónlistar, sögu rokktónlistar, sögu ljósmyndunar erlendis og hérlendis, Riverdance og tónverkið *Árstíðirnar* eftir Vivaldi var flutt í heild sinn af sjónvarpsupptöku frá 1990 þar sem pönkarinn Nigel Kennedy strauk einleiksfiðluna. Náði túlkun hans sérlega vel til nemenda. Í kvikmyndaáföngunum er sífellt verið að sýna nýjar myndir en vegna sparnaðar í skólanum voru engar nýjar myndir keyptar þetta skólaár, en notast að stórum hluta til við myndir úr einkasafni kennarans.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Kennari verður í námsorlofi næsta vetur. Verið getur að það þurfi að fella niður einhverja áfanga á næsta skólaári vegna kreppunnar og ef aðsókn er ekki næg í áfangana.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Gott væri að fá myrkvunartjöld í félagsgreinastofuna, stofu 210. Lim áfangar eru kenndir þar. Þar eru ágæt tæki og hátalarar, en nýtingin er ekki góð vegna mikillar birtu bæði

á hausti og vori. Þess vegna voru fræðslumyndir og tónleikamyndir undir loka annar í Lim, sýndar í litlu færanlegu sjónvarpstæki í staðinn fyrir að nota stóra skerminn.

Annað

Listin er löng, lífið er stutt.

Árni Blandon

Textíldæild

Nafn kennara	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
Helga Jóhannesdóttir	THL 103	12	0
	THL 173	0	6
	THL 143	6	0
	THL 113	0	12
	FAT1S3 o.s.frv.	6	6
	Alls	24	24
Kristín Sigurmarsdóttir	THL 103		12
	THL 173	6	
	THL 203	6	
	FAT1S3 o.s.frv.	6	6
	Alls	18	18

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

- THL103: Nýjung á haustönn og aftur vorönn í vetur að láta 103 hanna og sauma buxur frá A til Ö. Að öðru leyti er haldið áfram að útbúa eigin möppur (kreppuráð að láta þær endurnýja gamla möppu að heiman) – öllu skipt í fimm kafla, SNIÐ, HÖNNUN, LITIR, TEXTÍLL og SAUMTÆKNI. Grunnatriði lærð í öllum þessum þáttum.
- THL173: Haldið áfram að leggja áherslu á lærdóm í gegnum PILS. Á vorönn voru gerðar prufuflíkur, sem annars er ekki gert í 173 og/eða þegar eingöngu er kennt að vinna upp úr sniðablöðum.
- THL143 á haustönn; Fórum í vettvangsferðir í Hveragerði og á Selfossi – kom ágætlega út, nema þarf að fá á hreint hver er ábyrgur EF eitthvað gerist – kennari fékk t.d. hraðasekt á leið heim frá sýningu í Hveró, þegar hann reyndi að koma nokkrum nemendum í síðasta tíma. Nemendur áhugasamir um óhefðbundna vettvangsupplifun, t.d. með heimsókn fagfólks til okkar. Anne Marsden kom í heimsókn nú á vorönn og var það mjög gefandi. Greiddum henni ekki fyrir. Ef framhald á slíkum vettvangsheimsóknum, má búast við að þurfa að greiða, a.m.k. fyrir bensínkostnaði.
- THL113 Hönnun og hugmyndavinna;

Þörfin fyrir tengsl við “Samfélag utan skóla” er e.t.v. áþreifanlegri nú eftir að kreppan er skollin á. Nemendur ræða oft og meira um hvað skuli gera eftir skóla og hverju sé sniðugast að stefna að, miðað við það að fá vinnu.

Hugmynd um að sýna verkefni áfangans í versluninni Hósiló (vintage kjólar o. fl.) – og þar með að taka óbeinan þátt í menningarviðburðinum Vor í Árborg í lok maí, rættist. Reyndar gleymdist að auglýsa okkur í bæklingnum um hátíðina, þrátt fyrir að HJ hafi verið búin að senda frá sér auglýsingatexta **L**

- FAT-áfangar eða Starfsbraut: Dýrmæt upplifun fyrir HJ sem kennara að finna fyrir mikilvægi þess að hafa menntaðar, reyndar og metnaðarfullar aðstoðarkonur með þessum mikið fötluðu stúlkum. OG að átta sig á því hve markmiðið “Gleði og einfaldur tilgangur” skipta miklu máli í markmiðs-setningu í námskrá og kennsluáætlun!

Má segja að Starfsbrautarkennsla okkar hér í Textíldéild, sé smám saman að þróast út í tvenns konar hópa, annars vegar nemendur sem eru á mörkunum að ráða við hefðbundið nám og hins vegar fjölfatlaða einstaklinga.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

- Höldum áfram með þá stefnu að vera með símat í stað prófa.
- Ágætt að nota excel-formið, sem nú orðið er krafist af kerfinu, og þar með skilað til prófstjórnanda, RÍ
- Sameiginlegt mat okkar kennaranna er dýrmætt, þ.e. að hafa prófdómara og „second opinion“ hvor í annarri, er mikilvægur hluti af því að reyna að vera eins hlutlægar – ekki huglægar, í störfum okkar sem dómara á námsverðleikum nemenda okkar

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Sumarið 2009 sótti HJ FATEX og EHÍ-námskeið í Borgarholtsskóla og Korpúlfsstöðum. Man ekki heitið, en hönnun og hugmyndavinna með Illustrator var aðal inntakið.

Í janúar 2010 sótti HJ daglangt námskeið Sigrúnar Lyngmo, hönnuðar og kennara í Tækniskólanum, um áferð og liti í tiskuteikningu.

Í sumar, ætlum við báðar HJ og KS að sækja námskeið FATEX og EHÍ í „Að teikna með þræði“ – skapandi útsaumur með saumavél í FG.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

THL113: Kennit var eftir kennsluheftinu Hönnun- og hugmyndavinna eftir Báru

Kjartansdóttur. Heftið kom vel út, sérstaklega sem einskonar aðhald fyrir nemendur, bæði sem uppflettirit og leiðbeinandi fyrir ósjálfstæða nemendur.

THL103: Ekkert nýtt

THL173: Ekkert nýtt, enda verklegasti áfangi Textíldéildar – lítið rými fyrir annað bóklegt en tilbúin sniðablöð og einföld möppugerð með úrklippum og fáum ljósritum

FAT: Ekkert nýtt, engin ástæða, enda örfáir nemendur og hver og einn á sínu róli í að finna eitthvað sem nemandi ræður við og getur notað sér til gagns og gamans.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

- Stuðla að því að eftir því sem kreppunni léttir á okkur öllum, séum við tilbúin með vel unna hugmyndavinnu um það hvernig gera megi góðan skóla betri.
- Til dæmis að tengja okkur betur við atvinnulífið
- Og að mynda meira rými fyrir þverfaglega möguleika;

- Mikilvægt er að MUNA, að bjóða ekki upp á áfangana **THL136 og THL203/303 á sömu önn**, þar sem slíkt námsframboð er ekki raunhæfur möguleiki fyrir nemendur.
- Þar sem THL136, textílhönnun verður kennd á haustönn 2010, yrði mikill fengur að því að fá **Lovísu Aðalsteinsdóttur**, fyrrverandi nemanda okkar og núverandi handverkskonu á framabraut, til að koma í FSu og kynna vinnu sína við hönnun og gerð nytjahluta úr ull.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Að styðja tengingu áhugasamra nemenda (lesist kvenna) á því að finna hentuga leið út í **atvinnulífið**, með því að tengja fata- og textíltengdar greinar við samfélagið, t.d. með því að samþætta Nemendaleikhúsið og Textíildeild, og jafnvel Árborg/Pakkhúsið og starf nemenda okkar þar.

Má í því sambandi nefna að nemandi á Listnámsbraut, **Vala Hauksdóttir vann fatahönnunarkeppni** á vegum Pakkhússins/Árborgar og að minnsta kosti fjórir nemendur frá okkur tóku þátt.

Annað

Tækja og vélakostur deildarinnar er orðinn slitinn. Og þar sem sparnaður er að verða sjálfsagður, að styðja þá við aðrar og óhefðbundnari leiðir til að styrkja aldagamlar, þjóðlegar og kvenlegar greinar eins og þær sem kenndar eru nú við FSu.

Helga Jóhannesdóttir og Kristín Sigurmarsdóttir

Matreiðsla

Nafn kennara	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
Kristín Stefánsdóttir	MAT1736	24	24
Margrét J. Stefánsdóttir	MAT1 MAT2 MAT3 MAT4 starfsb.18		
Margrét J. Stefánsdóttir	MAT sérdeild MAT1736		12 6
	Samtals	42	42

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu. Helst það að aðlagga okkur að styttri kennslustundum og þá sérstaklega í verklegu.

Við höfum **símat** en líka bóklegt próf sem tekið er á skólatíma í lok nóvember og maí.

Kristín fór á **námskeið** í útiildun sem haldið var í Reykjavík.

Ný kennslugögn hafa ekki verið notuð annað en alltaf er verið að endurskoða verkefni og það höfum við gert í vetur.

Við erum sáttar við þessa starfsáætlun og stefnum að henni áfram. Við spyrjum nemendur og fáum viðbrögð frá þeim. Þeim finnst verkefni vera fjölbreytt og þau komi til með að gagnast þeim vel. Okkur finnst að þeir nemendur sem eru komnir aðeins lengra í skólanum nýti sér betur kennsluna heldur en þeir sem koma strax á fyrstu önn.

Úrbætur eru gerðar ef þörf er á.

Við erum sáttar við þetta en álagið er meira í verklegri kennslu eftir að kennslustundir voru styttaðar, því það er stutt á milli kennslustunda.

Kristín Stefánsdóttir

Margrét J. Stefánsdóttir

Myndlist

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
Elísabet Helga Harðardóttir	LER XS12	6	4
	MYL173	6	
	SJL 1036	12	12
	SJL 2036		12
	Samtals	24	28

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennsla hefur verið með hefðbundnu sniði. Sparnaður hefur sín áhrif, engar myndlistarferðir út fyrir skólann en reynt að nýta allt sem er til staðar

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Námsmat er símat í excel, eitt skyndipróf á önn í SJL103 og SJL203 og lokayfirferð á möppum í enda annar, Námið er byggt upp í lotum, hver lota metin og allt talið saman í lokin. Í LER áföngum er metin vinnan umgengni, áhugi og vandvirkni.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Námskeið í silikon- og gipsmótun. 2 helgar í ágúst og september á vegum HÍ og LHÍ í húsnæði LHÍ í Laugarnesi, kennari Helgi Gíslason.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Kennsluefni á neti sem er í stöðugri endurnýjun.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Hér er sama tillaga og síðasta ár að fjölga áföngum í myndlist á listnámsbraut og hafa jafnvel myndlistaáfanga sem er sérstaklega fyrir fornámsnemendur eða nýnema sem eiga erfitt með bóknám MYL 173 gæti nýst vel í það. Sjónlistaáfangarnir eru bóklegir að hluta til og það skilar sér ekki vel til fyrirnefndra en verklegi þátturinn gerir það vel.

Ef þetta nær fram að ganga þurfum við að bæta við okkur hálfu - einu stykki myndlistakennara

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Sama tillaga og síðast hér.

Loftslag í myndlistastofu verður oft lævi blandið sérstaklega þegar hann kyndir í neðra, það er að segja þegar leiðrofninn er í gangi. Myndlistarkennari var til dæmis rúmar tvær vikur frá

vegna flensu í öndunarfærum og höfði. Ræstitæknir kvartar líka undan loftslaginu. Það væri kannski bót í því að fá háf yfir ofninn, eiturgleypi.

Annað

Takk fyrir veturinn



Gleðilegt sumar



Elísabet H. Harðar.

Skýrsla íþróttadeildar

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
Magnús Tryggvason	ÍþR 111		8
	ÍþR 211		8
Rakel Magnúsdóttir	ÍþR 101	10	
	ÍþR 201	8	
	ÍþR 301	2	
	ÍþR 371	6	
	ÍþR 3H1	2	
	ÍþR 111		12
	ÍþR 211		6
	ÍþR 3D1		1
	ÍþR 331		4
	ÍþR 381		2
Ragnheiður Eiríksdóttir	ÍþR 3J1	6	
Sigríður Sæland	ÍþR Starfsbraut	2	2
	ÍþR 111		(10)
	ÍþR 211		(6)
	SKY 101	2	2
	ÍþR 3D1		1
Sverrir Ingibjartsson	ÍþF 203	6	
	ÍþG 142	4	
	ÍþG 152	4	
	ÍþR 101	6	
	ÍþR 201	8	
	ÍþR 321	4	
	ÍþS 102/112/122	1	2
	ÍþF 102		4
	ÍþF 232		4
	ÍþF 303		6
	ÍþG 132		8
	ÍþR 111		(2)
	ÍþR 331		(4)
	ÍþR 381		4 (2)
	ÍþR 3Ú1		2
	Litla Hraun	4,8	4,8
Samtals	75,8	80,8	

Í febrúar fór Rakel í veikindaleyfi og í framhaldi af því í fæðingarorlof. Sirrí og Sverrir tóku við kennslunni og eru þeir tímar (innan sviga) í töflunni hér að ofan.

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Haldið var áfram með jóga og fjallgönguáfanga í íþróttum, auk þess sem boðið var upp á nýjan íþróttáfanga kallaðan hreysti. Er hann hugsaður fyrir þá sem vilja mikla ákefð, án bolta, í íþróttum. Næstu vorönn er hugmynd að bjóða upp á framhaldsáfanga í jóga. Erum við með þessu að reyna að auka fjölbreytni í vali á íþróttum svo að allir, geti fundið eitthvað við sitt hæfi.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Á síðasta skólaári var gerð sú tilraun að færa lokapróf bóklegra ÍPR áfanga úr próftöflu og ljúka því í síðasta kennslutíma. Héldum við því áfram á þessu skólaári og líkar það vel bæði meðal kennara og nemenda. Lokapróf, í próftöflu, er í ÍPF 102, 203 og 303 en í öðrum áföngum sem kenndir eru í íþróttadeild er símat í gangi sem gjarnan endar með litlu prófi í lok annar. Þó er það misjafnt eftir eðli áfanganna.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Á skólaárinu fór Sirrí á skyndihjálparnámskeið fyrir leiðbeinendur í skyndihjálp til að viðhalda kennararéttindum sínum í skyndihjálp.

Sverrir fór á námskeið hjá Keili „hámarksnýting æfinga“ þar sem kenndar voru æfingar sem sameina þol- og kraftþjálfun.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engar nýjar kennslubækur voru teknar í notkun á skólaárinu. Hugmyndir eru innan deildarinnar að nota námsnetið Moodle á næsta ári og eru menn að æfa sig.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Kennarar íþróttadeildar mæla ekki með niðurskurði í íþróttum og heilsurækt.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Starfsfólk íþróttadeildar er sátt við stöðu mála enda aðstaða til íþróttakennslu mjög góð. Skólastjórnendur og húsverðir lðu eiga hrós skilið fyrir liðleika og frábært samstarf.

Sverrir G. Ingibjartsson

fagstjóri íþróttá

Kórinn

Kór fjölbrautaskólans starfaði með mjög hefðbundnu sniði í vetur. Nýir félagar bættust í hópinn eins og undanfarin ár þannig að ágæt endurnýjun er í hópnum.

Kórinn stóð að jólatónleikum í desember, vísna kvöldi í mars og vortónleikum í apríllök. Einnig hefur kórinn verið að taka upp lög með væntanlega útgáfu hljómdisks í huga. Stjórnandi kórsins er sem fyrr Stefán Þorleifsson og umsjónarmaður kórs Vera Ósk Valgarðsdóttir. Það sem helst liggur fyrir næsta ár er að efla starfsandann í kórnum, fara í óvissuferð, kórbúðir og fleira. Vegna nýliðunar þarf að þjappa hópnum vel saman strax í haust.

Vera Valgarðsdóttir

umsjónarmaður kórs

Starfsnám

Kennslustjóri: Íris Þórðardóttir

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
Þórey Hilmarsdóttir	BÓK103	6	6
	BÓK203		6
	BÓK213	6	
	HAG103	12	
	HAG113		6
	VIÐ113		6
	VIÐ143	6	
	Samtals	30	24
Ægir Sigurðsson	HAG203		6
	Samtals		6
Íris Þórðardóttir	HJÚ403	6	
	HJÚ303	6	
	SJÚ203	6	
	HBF103	6	
	VIN205	verknám	
	VIN105	utanskólanemandi	
	HJÚ203	utanskólanemandi	
	Samtals	24 + verknám	
Vorönn	LOL103		6
	SIÐ102		4
	SÝK103		6
	HJÚ503		6
	VIN305		verknám
	Samtals		22+verknám
Eysteinn Jónasson	UTN103	6	6
	UTN203	6	6
	Samtals	12	12
Þórir Magnús Lárusson	HEM111		16 alls
	HEM211		16 alls
	HEM103	6 á viku	
	HEM202		4 á viku
	HEM302	4 á viku	
	HEM402		4 á viku
	VIN116	fer eftir nemfj. ca. 8 per nem	

	VIN216	fer eftir nemfj. ca. 8 per nem	
Ragnar Geir Brynjólfsson	TÖL103	6	6
	TÖL113	6	6
	TÖL203	6	6
	Samtals	18	18

Sissel og Freyja gáfu ekki upp tímana hjá sér
Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Íris Þórðardóttir tók allt kennsluefni sitt í gegn á síðasta ári og hefur haldið áfram og vann að því að gera allt skýrar og skilmerkilegra, kennsluáætlanir, markmið og námsaðferðir. Notaði stoð/dreif mikið til að aðstoða sjúkraliðanemana, sem eru að útskrifast, með lokaritgerðir sínar og svo við að gera glærusýningu fyrir málstofuna. Komu þessir tímar sér mjög vel.

Séra Kristinn kom í heimsókn til sjúkraliðabrautarinnar og var með fyrirlestur um sorg og sorgarviðbrögð út frá faglegru nánd 15. mars og var það alveg frábært hjá honum.

Í fyrsta sinn síðan Íris byrjaði að kenna var hún með kennaranema, Rán Jósefsdóttur og kenndi hún í hjúkrunaráföngunum og stóð hún sig með mikilli þryði. Í fyrsta sinn var Íris einnig með nemendur á Litla Hrauni sem hún hitti aldrei, öll samskipti hafa farið fram í gegnum Ingis. Árangurinn kemur í ljós með vorinu J

Ragnar Brynjólfsson hefur verið að undirbúa fyrirhugaða lokun á Angel kennsluumsjónarkerfinu og verið að aðlaga námsefnið að Moodle kennsluumsjónarkerfinu og undirbúið fyrir fjarkennslu og dreifnám í því kerfi fyrir haustið 2010.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Lokapróf, símat og verkleg próf hafa verið notuð mikið í bland. Hestabrautin er með mest af verklegum prófum og einnig hluti sjúkraliðanámsins. Aðrir eru með í bland símats og lokaprófsáfangar.

Ægir Sigurðsson segist hafa notað símat í Hag203. En nemendur virðast læra frekar illa fyrir lotuprófin fyrri hluta annar. Tilfinning kennara er sú að nemendur læri betur fyrir lokapróf. Símat hentar þó ágætlega í þessum áfangar.

Hjá Þóreyju Hilmarsdóttur eru allir áfangarnir símatsáfangar. Lokanámsmat byggir á prófum og verkefnum.

Tölvubókhaldið BÓK213 var próflaus áfangi og annað hvort staðinn eða ekki staðinn.

Hjá Ragnari Brynjólfssyni skiptast áfangarnir í símat: 35% og lokapróf 65%.

Þórir Magnús Lárusson segist nota umræður, verkefni og skyndipróf.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ægir Sigurðsson hefur farið á eftirtalin námskeið:

nóv. 2009 Námskeiðsdagur hjá félagi viðskipta og hagfræðikennara:

-Fyrirlestur: Maríanna Friðjónsdóttir; Notkun á neti sem markaðstæki; Facebook

-Fyrirlestur: Hjörtur Smáráson; Twitter.

15. janúar 2010. Námskeið hjá félagi viðskipta og hagfræðikennara:

-Fyrirlestur: Guðrún Geirsdóttir (HÍ) Námskrágerð og hæfniviðmið.

-Fyrirlestur: Björk Þorgeirsdóttir (Kvennaskólanum) Fyrirlestur með leiðbeiningum og ráðleggingum byggða á reynslu Kvennaskólans við gerð og innleiðingu nýrrar

Íris Þórðardóttir hefur farið á eftirtalin námskeið:

-Fræðslufund Hjúkrunarfélags Suðurlanda sem var í desember.

Moodle fræðsluerindi sem Kristín Runólfsdóttir hefur boðið upp á. Íris var með með LOL í fyrsta sinn inni á Moodle og líkaði það mjög vel. Finnst gaman og í raun auðveldara að vinna inn í því umhverfi, Angel verður svo kvatt núna.

Fagfundir hjúkrunarkennara hafa verið endurvaktir og er það mjög gott. Var haldinn fundur eftir allt of langt hlé 29. jan í FÁ.

NLFÍ bauð Írisi og nemendum hennar að koma í heimsókn og fá kynningu á staðnum og starfsemi. Var mjög vel á móti okkur tekið og fór Rán Jósefsdóttir með okkur. Almenn ánægja var með þessa ferð.

Írisi var boðið á afmælishátíð Suðurlandsdeildar sjúkraliðafélagsins 29. apríl sem haldin var hér í hátíðarsal FSu. Þar voru margir fróðlegir fyrirlestrar, en skemmtilegast var að af 5 fyrirlesurum voru 2 útskrifaðir frá henni, 1 sem útskrifaðist frá FSu 1998 og svo Kristín formaður félagsins og Birna Ólafsdóttir fræðslustjóri þess.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Ný kennslubók í Hag203. Rekstrarhagfræði fyrir framhaldsskóla, Hag203 eftir Hrönn Pálsdóttur ásamt verkefnahefti segir Ægi Sigurðsson

Nei því miður segir Íris Þórðardóttir- en hún hefur legið á netinu og endurnýjað allar greinar og greinasöfn á bókasafninu líka

Þ. Magnús Loftsson hefur sett myndir til kennslu á tölvutækt form.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Ragnar Brynjólfsson leggur til að áfanganum TÖL123 verði bætt við haustið 2010. Unnið verður áfram að lærdómsviðmiðum nýrrar tölvubrautar í samvinnu við FS og FVA.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Reyna að takmarka hópastærðir eins og frekast er kostur biður Þórey Hilmarsdóttir um.

Þ. Magnús Loftsson bendir á og spyr: Breytileiki nemenda varðandi bóklega og verklega námið í hestageininum er nánast eins mikill og hægt er að hugsa sér. Vanlíðan og óstundvísi nemenda spila þar stórt hlutverk. Þannig að þeir bestu fá ekki þau verkefni og tíma sem þeir þurfa og eiga skilið að fá og hinir fá ekki þá hjálp sem þeir þurfa og eiga skilið.

Meðalnemandanum er kennt en hann er tæpast að finna í þessum hópi. Hvað á að gera? Hef ekki lausn hafið þið hana?

Annað

Málstofa var hjá þeim sjúkraliðum sem útskrifuðust frá okkur 28. apríl síðastliðinn, frábærir fyrirlestrar eins og alltaf. Það komu 50 manns sem sátu mislengi. Í heildina sátu 22 allan

tímann. Enginn stjórnandi mætti frá skólanum og ræddu nemendur það að það hefði gjarnan einhver mátt koma þó ekki væri nema í smá stund til að taka myndir. Það var bara tilviljun að myndavél var á staðnum.

Nemendur mældu blóðþrýsting á Kátum dögum og yfir 200 manns þáðu það.

Verknámið hefur gengið vel og allstaðar þar sem kennari kemur til að láta meta nemendur fær hann þau svör að þetta sé besti nemandi sem deildin hefur haft. Þannig að það eru mikil meðmæli bæði fyrir skólann og nemendurna.

Það eina sem skyggir á er að það er mjög erfitt að fá starfsþjálfunarpláss fyrir nema þetta sumarið, 14 hafa pláss, en svo er verið að vinna að því að fá 2 pláss í haust og þá ætti þetta að ganga upp og 16 sjúkraliðar að útskrifast í desember 2010.

Svo er það bara nýr hópur í haust, vonandi blandaður og ekki of stór því að starfsumhverfið er okkur ekki hagstætt núna eins og alþjóð veit. Og allir þurfa að fá pláss í verknámi

Íris Þórðardóttir
kennslustjóri starfsnáms

Verknám

Kennslustjóri: Svanur Ingvarsson

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn '09 Kest. fj.	Vorönn '10 Kest. fj.
Sigurður Grímsson	HSU102	8	
	LSU102	4	
	PLV102	8	
	AVV202	4	
	RSU102	4	
	REN202	4	
	AVV102		8
	MÆM101		2
	REN103		8
	HVM203		6
	PLV202		4
	LitlaHr. Haust: LSU102, RSU102, HSU102		5,6
	Samtals		32
Þorvaldur Guðmundsson	LSU102	4	
	MSM173	6	6
	MSM1S3	7	7
	MSM2S		
	MSM3S3	4	
MSM4S3			

	RAF113	6	
	GÆV101	2	
	EFM102	4	
	TTÖ102		4
	EFM201		2
	VFR102		4
	HVM103		8
	Samtals	29	31
Grímur Lúðvíksson	VGR 103	6	
	VGR 202		4
	VGR 303	6	
	VGR 403		6
	TNT 102	4	
	TNT 202		4
	TNT 303	6	
	TNT 403		6
	RAM 103	6	
	RAM 203		6
	RTM 102		4
	RTM 202	4	
	RTM 302		4
	Samtals	32	34
Þór Stefánsson	RAL 102	4	
	RAL 202		4
	RAL 302	4	
	RAL 402		4
	RAM 303	6	
	RAM 403		6
	STR 102	4	
	STR 203		6
	STR 302	4	
	STR 402		4
	(AU) RAF 173		6
	(GM) RÖK 102		4
	(GM) RAT 102	4	
	(GM) MRM 102	4	
	Samtals	30	34
Jón Sigursteinn Gunnarsson	GRT 103	12	
	FRV 103	4	
	EFG 102	4	
	GLU 104	8	
	LHÚ 104		12
	SVH102		4
	INK 102		4

	ÚVH102		4
	TRÉ173		6
	Samtals	28	30
Kristján Þórðarson	VTG106C	12	
	TRÉ1S3		
	TRÉ3S3/4S3	6	
	HÚB102		4
	TIH10AK		20
	Samtals	18	24
Svanur Ingvarsson	INR106	12	
	TRÉ173	6	
	TRÉ109		14
	TRÉ1S3/2S3	6	
	TRÉ1S3/2S3/4S3		6
	VTS103		4
	ÖRF101		námskeið 2 umsj/ke
	TRS102		námskeið 4
	TST101		námskeið 2 umsj/ke
	Samtals	24	32

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

SG - Nei. **ÞG** - Ekki teljandi

GL - Kenndi Rafmagnsfræði 103 og 203 í fyrsta sinn. Kenndi einnig Rökrásir í TNT 202 í fyrsta sinn.

JSG - Vettvangsferðir og vinnustaðaheimsóknir- Tenging við atvinnulífið

SI - Í TRÉ 109 og VTS 103 var aðeins 1 hópur og hann fámennur. Því var gripið til þess ráðs að skera tímafjöldann niður um samtals 6 tíma á þessum fögum frekar en fella þau niður. Ég kenndi þessa áfanga saman sem mér fannst koma vel út og vera rökrétt, en erfitt var að koma öllu námsefninu fyrir. Reikna ég með að bæta nemendum það sem upp á vantaði í véltrésminni í öðrum áföngum næsta vetur.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

SG - Símat. **ÞG** - Símat byggt á verkefnavinnu og prófum.

GL - Símat notað í flestum áföngum, en lokapróf í próftöflu FSu í áföngunum Ram 103, Ram 203, RTM 102. Fleiri verkefni gerð í tíma en áður.

Þór - Símat notað í öllum áföngum nema RTM 102, RAM 103 og 203.

JSG. - Í TRÉ 173, LHÚ 104 og GLU 104 voru að mestu verklegir áfangar og verkefni og frammistaða í kennslustundum lögð til grundvallar námsmati.

Lokapróf var í GRT103 ásamt mati á verkefnaöppu.

Aðrir áfangar voru bóklegir, þar sem frammistaða í kennslustundum var metin ásamt verkefnum sem nemendur unnu á önninni. Í lok annar var lagt fyrir próf/verkefni.

KÞ - Símat er í áföngunum VTG106C, TRÉ1S3, TRÉ3S3, TRÉ 4S3 og TIH10AK, en í áfanganum HÚB102stuðst við útkomu úr verkefnum og bóklegu prófi.

SI - Símat, sem á vel við í verklegri kennslu. Velti því þó sífellt fyrir mér hversu strangar kröfur sé heppilegt að setja um verkefnaskil og slíkt. Í bóklegu námskeiðunum ÖRF og TST var stuðst við verkefnaskil og mætingu

Námskeið sem kennarar hafa sótt

SG - Námskeið um raunfærnimat á haustönn, skólaheimsóknir í Póllandi á vordögum með FSu.

ÞG – Skólaheimsóknir og námskeið í Póllandi á vordögum með FSu og félagi rafmagnskennara.

GL - Kennsluréttindanáam 10 CTS einingar Menntavísindasvið Háskóla Íslands, 1 önn.

Skólaheimsóknir í Póllandi á vordögum með FSu.

Þór - Sótti námskeið í í neyðarlýsingu á vegum Rönning og AWEX í Kraká í júní 2010 og tvö námskeið í tækniskólanum í lýsingarfræði eitt á haustönn og eitt á vorönn. Skólaheimsóknir og námskeið í Póllandi á vordögum með FSu og félagi rafmagnskennara.

JSG - Námskeið á vegum Fræðslunets Suðurlands Teikning 1.

KP - Sótti námskeið í viðhaldi og viðgerðum gamalla timburhúsa.

SI - Námskeið um raunfærnimat á haustönn. Skólaheimsóknir í Póllandi á vordögum með FSu.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

ÞG - Endurbætt kennslugögn í tölvuteikningu.

GL -Rökrásir fyrir TNT 202 kennslu. Í VGR 403 var bætt við HiFi magnara sem verkefni og tóku 2 nemendur þá smíði, aðrir smíðuðu Þrumujálkinn (bassamagnara).

JSG - Sárlega vantar kennsluefni fyrir verklegar greinar. Engar nýjar kennslubækur voru teknar í notkun, en ný kennslugögn voru reglulega sótt á netið. Heimasíður fyrirtækja, framleiðenda byggingarefnis og opinberra aðila.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

GL - Á næstu haustönn ætla ég að hætta með spennugjafann frá Danmörku vegna sparnaðar, en hann er nokkuð dýr og láta nemendur smíða minni og einfaldari spennugjafa sem yrði töluvert ódýrari.

Einnig sleppa smíði hátalarakassa vegna sparnaðar.

JSG - Farið verði varlega í niðurskurð kennslustunda í verklegum greinum. Kennslustundir í LHÚ 104 voru skornar um ¼ sem kom verulega niður á yfirferð námsefnis. (Þó færri séu í tímum þá smíða þeir ekkert hraðar). Stoðtímar og sjálfboðavinna kennara bættu þetta þó nokkuð upp.

SI - Láta þetta ekki rúlla með svipuðu sniði

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

ÞG - Mjög aðkallandi að endurnýja vélar og áhöld í smíðasal fyrir verknám málmiðna sérstaklega ef viðbygging við verknámshúsið tefst og þar með áætluð stofnbúnaðarkaup.

GL - Betri aðstaða fyrir verklega kennslu og tækjakostur bættur.

Endurnýjun á skólahúsnaðinu.

Þór - Innrétta kjallarann í Odda fyrir kennslu í RAL

JSG - Tekjur af sölu sumarhúss verði látnar renna til deildarinnar í formi tækja, námsefnis eða annars sem nemendum kemur til góða.

KP - Ég tel að kaup á nýrri plötusög sé nauðsynleg vegna þess hvað sögin er orðin slitin og eins til að við séum samstíga öðrum skólum í tækni.

SI - Bæta drykkjarvatnið í Hamri sem er bæði gruggugt og volgt.

Annað

GL - Ég hef keypt inn efni frá Bandaríkjunum og Kína sem hefur sparað okkur töluverða peninga. Efnislager rafeindaefnis er búinn að vera í uppbyggingu, skipulagningu, flokkun og merkingu sl. 3 ár og er nú loksins kominn í endanlegt form.

Stærðfræðikunnátta nemenda sem byrja í Grunndeild Rafiðna er almennt óviðunandi.

Nokkrir nemendur sem komu inn sl. haust eru ekkert að gera og eru einungis að teppa pláss. Þyrfti að vera þannig að fyrsta önnin sé reynsluönn, ef menn standa sig mjög illa þá er þeim einfaldlega vísað úr deildinni.

Þór - Ekki var farið í ferðir með nemendur á haustönn vegna kreppunnar. Á vorönn fóru allir nemendur í skoðunarferð í MS, nemendur í áfanganum RAL 402 fóru í skoðunarferð í

Vatnsverksmiðjuna í Ölfusi og nemendur á 4. önn fóru næst síðasta daga annarinnar í Veiðisafnið á Stokkseyri og skoðuðu það undir leiðsögn Páls Reynissonar og að lokum var farið á Fjöruborðið í súpu.

Kennarar í Hamri þakka fyrir veturinn.

SVIÐ: TUNGUMÁL

Enska

Kennslustjóri: Ægir Pétur Ellertsson

Kennari	Áfangi Haust 09	Áfangi Vor 10
Guðfinna Gunnarsdóttir	Ens U93 6 Enska á starfs- braut 12 Ens 403 6 <u>Ens 503 6</u> = 30	Enska á starfs- braut 12 <u> 6</u> = 12
Jóna Katrín Hilmarsdóttir	Ens 103 12 Ens 203/212 6 Ens 403 6 <u>Ens 603 6</u> = 30	Ens 403 12 <u>Ens 503 6</u> = 18
Kristín Runólfsdóttir	<u>Ens 503 6</u> = 6	<u>Ens 333 6</u> = 6
Kristjana Hrund Bárðardóttir		Ens 202 6 Ens 203 12 <u>Ens 403 6</u> = 24

Paola Daziani	Ens 102	12	Ens 202	6
	Ens 303	18	Ens 303	18
		<u>= 30</u>		<u>= 24</u>
Ragnildur Pála Ófeigsdóttir	Ens U93	6		
	Ens 202	12		
	Ens 203/212	6		
		<u>= 24</u>		
Sveinn Eyjólfur Magnússon	Ens 102	12	Ens 102	12
	Ens 203/212	12	Ens 212	12
		<u>= 24</u>		<u>= 24</u>
Ægir Pétur Ellertsson	Ens 103	12	Ens 103	6
	Ens 303	12	Ens 203	6
		<u>= 24</u>	Ens 303	6
			Ens 503	6
				<u>= 24</u>
Samtals		144	Samtal	132

Önnur kennsla til viðbótar þessu:

- Sveinn Eyjólfur Magnússon sá um kennslu á Litla Hrauni: 9,6 klst. á haustönn og á vorönn. Þar sá Jóna Katrín Hilmarsdóttir auk þess um Ens 503.
- Ægir Pétur Ellertsson sá um kennslu grunnskólanema í Ensku 103 á haustönn í gegnum Angel. Á vorönn var umsjónin í lausara formi, þar sem engar greiðslur koma lengur fyrir þessa nemendur. Ægir Pétur annaðist framsetningu á kennslu-áætlun, upplýsingaefni á Angel, samningu lokaprófs og yfirferð þess. 21 nemandi lauk prófi á haustönn og á vorönn skiluðu 16 nemendur sér í lokapróf, Benda má á að a.m.k. 1 fjarnámsnemendanna á haustönn hóf fullt nám í FSu á vorönn. Þegar þetta er skrifað er von á að 1 grunnskólanemi til viðbótar taki lokapróf í júní vegna sérstakra ástæðna.

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Haldið var áfram með vinnu með verkefnaöppur í áfanganum. Annars má segja að það hafi verið vinna við nýja námsskrá sem hafi tekið mestan hluta af samráði innan deildar. Í Ensku 303 var Gold Advanced bókin aflögð og gerðar tilraunir með að láta nemendur vinna verkefni út frá þeirra áhugasviði, þar sem rafrænar heimildir voru notaðar. Áfanginn Enska 403 var endurskipulagður. Sú breyting verður orðin endanleg á næstu önn þegar Gold kennslubókin hefur endanlega runnið sitt skeið á enda.

Námsmat. Símat / lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat er að verða alsráðandi í öllum áföngum í ensku. Deildin tók þá ákvörðun í upphafi vorannar að ganga út frá því að hafa lokapróf í áföngunum Enska 203 og 212-2 á þeim skilum sem hæg- og hraðferðirnar sameinast.

Segja má að við séum að nálgast ákveðin tímamót í þessum efnum. Það er komin tími til að staldra við og skoða þessa þróun, t.d. hvaða áhrif hefur þetta á gengi

nemenda, það þarf að athuga hvort símatið sé raunverulegt símat eða hvort menn séu fyrst og fremst búnir að flytja lokaprófið inn á önnina. Hér eru ýmis atriði sem deildin ætti að skoða nánar.

Hjá grunnskólanemum fyrir áramót giltu verkefnaskil 20% á móti 80% lokaprófi, en á vorönn tóku nemendur 100% lokapróf.

Námsskeið sem kennarar hafa sótt

Tveir kennarar deildarinnar sóttu námsskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands: Kristín Runólfsdóttir sótti 3ja daga sumarnámsskeið í júní 2009 sem haldið í samstarfi við Félag enskukennara á Íslandi: "Developing Critical Thinking through Culture". Guðfinna Gunnarsdóttir sótti námskeið haustið 2009, annars vegar um leikræna tjáningu í tungumálakennslu og hins vegar notkun tækjabúnaðar í tungumálakennslu. (farsímar, tölvur, myndavélar og netið). Helgi Þorvaldsson hefur í orlofi sínu frá F.Su, verið við nám við enskudeild Háskóla Íslands. Á haustdögum var uppi hugmynd um samráð tungumálakennara um innleiðingu tungumálamöppunnar. Deildin fylgdist með því samráði af hliðarlínunni.

Nýjar bækur og kennslugögn á árinu

Kreppan og því sem henni fylgdi hefur gert það að verkum að lítil sem engin breyting hefur verið á kennslubókum sem notaðar eru í áföngum. Helst er að nefna að Gold Advanced var að renna sitt skeið á enda á þessari önn. Önnur bók verður ekki tekin inn í hennar stað, heldur notast við annað efni. Kennarar hafa keypt fleiri spil, sem geymd eru á bókasafninu sem nota má við munnlega þjálfun.

Tillögur að starfsáætlun fyrir næsta skólaár

Vinna við nýja námsskrá á þessu skólaári hefur étið upp svo til allan tíma til samráðs innan deildar og á næstu önn mun áframhaldandi vinna tengd henni líklega taka tíma frá öðru. Þó má benda á að enskudeildin hefur lokið vinnu við útfærslu þrepa fyrir nýja námsskrá.

Á fundi svo til allra tungumálakennara á sjúkraprófsdegi í vor kom upp hugmynd um að beina því til stjórnenda að tungumálin fengju svigrúm í fundarkassa til að ráða ráðum sínum og miðla hugmyndum þvert á tungumál. Enskudeildin fyrir sína hönd samþykkti að fara fram á þetta með því fororði að sá tími yrði líka að rúma samráð innan deildar.

Á fundi deildarinnar í vetur kom til umræðu í kjölfar fyrirspurnar frá námsráðgjöfum hvort hægt væri að útvega nemendum með lestrarörðugleika hljóðupptökur af því efni sem selt er sem ljósrit og þar af leiðir erfitt að útvega frá blindrabókasafni. Lagt var til að kennarar í viðkomandi áföngum skipti efni á milli sín og lesi upp eða leiti að upptöku efni á netinu.

Í kennsluskýrslu síðasta árs lagði enskudeildin til að komið yrði á samráði við kennara kjarnaáfangna í grunnskólunum til að koma málum á hreint. Það er því ánægjulegt að vita til að nú stendur til að koma á fundi við þá í upphafi næstu haustannar.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Á haustönn var í sparnaðarskygni slegið saman áföngunum Enska 203 og 212 til að ná betra nýtingarhlutfalli á tímum. Skemmst er frá að segja að allir kennarar í þessum hópum voru innilega sammála um að þetta væri ekki góð hugmynd. Er þeirri hugmynd komið hér á framfæri að þessi leikur verði ekki endurtekinn.

Rætt var innan deildar á haustönn hvaða afleiðingar aftenging samræmdra prófa hefði haft á röðun nemenda í áfanga. Komið hefur fram veruleg skekkja á staðsetningu nemenda. Einkunnin 5 er greinilega ekki lengur sú sama og var! Það getur hins vegar reynst erfitt að endurraða fólki í áfanga þegar allt er komið af stað. Einn möguleiki sem var nefndur var að byrjendaáfangarnir yrðu samhliða í töflu svo auðveldara væri að hnika til nemendum, þó það sé ljóst að ef hóparnir verða mjög stórir þá muni þetta heldur ekki reynast auðvelt.

Á síðasta skólaári var stefnt að því að koma upp á kennslu fyrir grunnskólanemendur á Selfossi í áfanganum Ens 103 í grunnskólunum sjálfum, sem átti að ná yfir allt skólaárið. Ekkert varð úr þeim áformum. Þetta verður reynt aftur í haust, hvort heldur sem námið verður á annar- eða ársgrundvelli. Á þessu skólaári var þó hópur grunnskólanema (flestir úr hópi þeirra nema sem tóku Ensku 103-2 (utanskóla) á haustönn) sem tóku Ensku 203 utanskóla sem lokið var með 100% lokaprófi. Það tók óþarflega langan tíma á þessari vorönn að fá málin endanlega á hreint. Þ.e.a.s að eingöngu yrði greitt fyrir kennsluáætlun og prófyfirferð. Hvað þessi bæði atriði varðar þá er nauðsynlegt að þessi mál séu á hreinu við upphaf annar svo menn geti tekið mið af því við skipulag annarinnar. Í þeim hugmyndum sem voru reifaðar við kennara þessara grunnskólahópa í vor er talað um að kennarar í grunnskólunum hafi aðgang að áföngunum í kennsluumhverfi skólans (námsnet). Nú er það ekkert endilega þannig að framsetning þar miðist við fjarkennsluáfanga. Eins er ljóst að það verður töluverð vinna í því að færa efni úr “Angel” yfir í “Námsnet”.

Selfossi 20. maí 2010

Ægir Pétur Ellertsson

kennslustjóri í ensku

Íslenska

Kennslustjóri: Jón Özur Snorrason

Nafn kennara:	Áfangi	Haustönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
Björgvin E. Björgvinsson	Ísl. 103	6	6
	Ísl. U936	6	
	Ísl. U936 – fornám		6
Bryndís Guðjónsdóttir	Ísl. S-hópur	6	6
	Ísl. 202	6	6
	Ísl. 303	6	
Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir	Ísl. 102	12	6
	Ísl. 212	6	6
	Ísl. 203	6	12
Gísli Skúlason	Ísl. 103	12	

	Ísl. 202	6	12
	Ísl. 343		6
Jón Özur Snorrason	Ísl. 212		6
	Ísl. 613	6	
	Ísl. 653		6
	Sta. 1912	4	2
	Litla-Hraun	9,6	9,6
Katrín Tryggvadóttir	Ísl. 102	12	6
	Ísl. 212	12	
	Ísl. 303		6
	Ísl. 403	6	12
Rósa Marta Guðnadóttir	Ísl. 303	12	12
	Ísl. S-hópur	6	6
	Ísl. U936	6	
	Sta. 1912		2
Ragnhildur Sigfúsdóttir	Ísl. F93	6	
	Ísl. 303	12	6
	Ísl. 403	6	12
Þórunn Jóna Hauksdóttir	Ísl. 203		6
	Ísl. 503	12	12

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Í kennslu fornáms var í meginatriðum fylgt því verklagi sem lýst er í skólaskýrslu ársins 2008 til 2009.

Í íslensku 102 voru búin til ný kennsluhefti báðar annirnar í umsjón kennara áfangans Guðbjargar Dóru Sverrisdóttur og Katrínar Tryggvadóttur.

Í íslensku 103 og 202 var reynt að leggja meiri áherslu á tjáningu en gert hefur verið. Tókst það allvel í fyrrnefnda áfanganum en síður í 202 einkum vegna tímaskorts og skipulagsvandræða.

Í áfanganum STA 1912 er eingöngu kennd stafsetning þeim nemendum sem fá 20 villur eða fleiri á stafsetningarprófi í ÍSL 102 og 202. Þar er nemendum boðið upp á viðbótarkennslu og leiðbeint um notkun hjálpargagna í stafsetningu. Stuðst hefur verið við námsefni á *Stoðkennaranum* sem er gagnvirkur kennsluvefur. Búast má við að þjónusta *Stoðkennarans* verði ekki nýtt á komandi kennsluári.

Í íslensku 203 og 212 er fengist við heimildavinnu og ritgerðasmíð, hljóðfræði, mállyskur, málsögu og norræna goðafræði. Kennslunni er að miklu leyti stýrt af kennsluhefti sem kennarar áfangans hafa sett saman. Kennslan er lotuskipt þar sem farið er úr einu námsefninu í annað en endanlegt námsmat byggir á lokaprófi.

Á skólaárinu var tekið í notkun nýtt kennsluhefti í hljóðfræði, málnotkun og málsögu. Heftið gerði það að verkum að nemendur héldu betur utan um námsefnið sitt. Málsagan var minnkuð niður í nokkrar blaðsíður og telja kennarar áfangans það til bóta. Telja þeir að flestir geta lifað góðu lífi með yfirborðslega þekkingu á málhljóðabreytingum eins og stórabrottfalli og germanskri hljóðfærslu. Það er betra að nemendur læri menningarsögu íslenskunnar og þekki uppruna hennar og skyldleika við önnur tungumál.

Í íslensku 303 skrifuðu nemendur dagbók um lestur sinn á Njálu á haustönn sem kölluð var leiðarabók. Þar áttu þeir samhliða lestri sínum á sögunni að skrifa eigin hugleiðingar um söguna, persónur og atburði en ekki var ætlast til að þeir skrifuðu endursögn hvers kafla. Tilgangurinn var að hvetja nemendur til að velta sögunni fyrir sér og ígrunda efni hennar. Það var „ótrúlegt hve margir lögðu á sig að skrifa upp glósur Hörpu Hreinsdóttur sem eru aðgengilegar öllum á Netinu“ segir Ragnhildur Elísabet einn af kennurum áfangans.

Rósa Marta Guðnadóttir leggur áherslu á það í umfjöllun sinni um kennslu í íslensku 303 að nemendur nýti sköpunarkraft sinn til sem flestra verka. Í því skyni reynir hún að fá þá til að skapa sitt eigið efni út frá þeim bókmenntum sem fjallað er um hverju sinni. Hún segir: „Við höfum notað Helgakviðu og Þrymskviðu og einnig Njálu. Vinnan með Njálu er þrjúþætt. Nemendur velja sér efni sem þeir kynna sér vel. Síðan semja þeir handrit og útfæra það á skapandi hátt í myndum, ljóðum, tónlist eða á þann hátt sem þeir kjósa og flytja að lokum afrakstur sinn fyrir hópinn. Mér finnst flutningurinn mjög mikilvægur. Hann þjálfar nemendur að koma fram og kennir þeim undirbúa sig vel áður.“

Katrín Tryggvadóttir kenndi einum hópi í íslensku 303 á vorönn 2010 eftir tímabundna fjarveru frá kennslu áfangans og segist aldrei hafa almennilega vitað hvað hinir kennarar áfangans voru að gera.

Í íslensku 403 hefur námsefnið lítið breyst. Smásögunni *Tilhugalíf* eftir Gest Pálsson var skipt út fyrir söguna *Vonir* eftir EHK á vorönninni. Kennarar áfangans Katrín Tryggvadóttir og Ragnhildur Elísabet eru á því að breytingar á efni og aðferðum séu af hinu góða. Katrín segir eftirfarandi í umfjöllun sinni: „Ég veit ekki hvað við gerum næst. Það er ágætt að skipta sögum út annað slag. Við höfum haldið áfram með stóru heimildaverkefni og komu þau vel út á báðum önnunum. Sérstaklega þó á þeirri síðari þar sem nokkuð margir nemendur voru rifandi duglegir. Mikið óskaplega var ég ánægð með báða hópana á síðari önninni. Það er góð tilfinning að upplifa að starfið skili einhverju. Þessi verkefni þjálfa notkun og meðferð heimilda ásamt frágangi. Þessi vinna eykur örugglega hæfni nemenda fyrir frekara nám og skilar skárri vinnubrögðum í ritgerðarsmið í íslensku 503. Það er ljóst að þessi verkefni ganga ekki nema eina til tvær annir í viðbót því þá verða þau farin að ganga milli nemenda.“

Í íslensku 503 var hin „hefðbundna rúttína meira brotin upp en áður“ á haustönninni eins og Þórunn Jóna Hauksdóttir kemst að orði. Tvisvar sinnum var farið á kaffihús með það í huga að skapa „bóhemstemningu“ og vinna með Tímanna og vatnið eftir Stein Steinarr. Þá heiðraði okkur Kristín Þórarinsdóttir fjármálastjóri FSu og systurdóttir Ásthildar eiginkonu Steins með nærveru sinni á kaffihúsinu og sagði frá kynnum sínum af skáldinu. Því miður reyndist ógjörningur að endurtaka leikinn á vorönninni vegna fjölmennra námshópa.

Til upprifjunar í bókmenntasögunni var háð spurningakeppni um bókmenntatímabil en gögn voru útbúin og fínþússuð af Þórunni Jónu. Til að hrista nemendur saman var spilað nokkrum sinnum og þá notuð spil sem Þórunn fékk bókasafn skólans til að kaupa og nýtast vel í íslenskukennslu. Má hér nefna spil eins og Alias, Sprengjuspilið og Kollgátuna.

Sjálfstætt fólk var að þessu sinni kennd í upphafi annar og bókmenntasaga tók svo við. til margra ára hefur verið byrjað á bókmenntasögunni en endað á sjálfstæðu fólki. Að mati Þórunnar tókst þetta fyrirkomulag vel og hafði þau áhrif að óþreyttir nemendur tóku söguna „með trompi“ u og náðu góðu sambandi við efni hennar. Um leið voru búin til ný verkefni og teknar upp nýjar aðferðir við skilvirkari hópvinnu.

Því miður þurfti að beita niðurskurði við ritgerðarvinnu. Í stað þess að leiðsagnarmati væri beitt þar sem farið er yfir drög að veglegri lokaritgerð var gripið til þess að beita jafningjamati í hópavinnu og stytta ritgerðina töluvert. Þetta er afar bagalegt þar sem ritgerðavinna er stór þáttur í háskólanámi. Þetta kom til vegna hópastærða sem koma verulega niður á fagmennsku.

Í íslensku 613 sem er valáfangi í bókmenntum er áhersla lögð á sagnaskáldskap og fræðilega umfjöllun. Áfanginn er aðeins kenndur þriðju hverja önn. Á liðinni haustönn var áfanginn kenndur í fjórða sinn. Að meðaltali stunda 15 nemendur nám í honum hverju sinni og eru flestir á síðustu eða næst síðustu önn í námi. Aldrei er valið sama efni til kennslu heldur ræðst efnisvalið af þeirri fjölbreytni sem hugtakið sagnaskáldskapur býr yfir.

Í fyrsta sinn sem ÍSL 613 var kennd á haustönn 2003 var sjónarhorninu beint að yngstu kynslóð íslenskra skáldsagnahöfunda ásamt almennri umfjöllun um skáldsögur, smásögur og bókmenntafræði. Á haustönn 2005 var fjallað um íslenskar þýðingar á erlendum samtímabókmenntum. Á haustönn 2007 var áhersla lögð á tengsl skáldsagna og kvikmynda og í fjórða sinn á síðustu haustönn 2009 var bókmenntagreinin smásögur tekin til umfjöllunar og lesnar fjórtán vandaðar smásögur, sjö frumsamdar og sjö þýddar. Að þessu sinni var yfirferð efnis og námsmat skipt í fjórar lotur. Lotuskiptingin markaðist af umfjöllun um bókmenntagreininna ásamt greiningu og túlkun fjórtán smásagna. Tveimur lotum lauk með skriflegu lotuprófi. Í lok áfangans fengu nemendur tækifæri til að skrifa smásögur og flytja þær.

Í íslensku 653 er fengist við skapandi skrif og ákvarðast efni og aðferðir í samráði nemenda og kennara hverju sinni. Á vorönn 2010 var fengist við ólíka stíla, rómantískan, raunsæjan og móðernískan stíl og lásu nemendur fjölbreytileg textasýnishorn frá árabílinu 1850 til 1950. Hugað var sérstaklega að umfjöllunarefni, efnistöfum, sjónarhorni, sögumanni, frásagnaraðferð, máli og stíl. Að því búnu sömdu nemendur margskonar frásagnir og ljóð sem fóru í gagnrýni og endurritun. Þegar þriðjungur var eftir af tíma annarinnar var sjónarhorninu beint að leikritun og skrifuðu allir nemendur eina leiksenu með þremur persónum. Leiksenurnar voru síðan fluttar í Sunnlenska bókakaffinu þann 29. apríl síðastliðinn á dagskrá sem bar heitið Hreinsun [Kaparsis].

Í kennslu íslensku á Litla-Hrauni er nauðsynlegt að gera ráð fyrir því að nemendur geti stundað námið hver á sínum stað og tíma. Ekki er því um eiginlega hópkenndu að ræða en þó er mikilvægt að kennari taki þá nemendur sem stunda nám í sama áfanga í reglulega

yfirhalningu. Nauðsynlegt er því að binda kennslu hvers áfanga við vandaðar og skipulagðar kennslubækur og verkefni sem fylgja þeim. Um sérstakar kennslunýjungar var ekki að ræða á liðnu skólaári en þó voru skoðaðar og notaðar að hluta kennslubækurnar sem mynda þriliðuna Íslenska eitt, tvö og þrjú og ná yfir kennsluefni áfanganna 103 til 303.

Helsta nýjungin á Litla-Hrauni fólst í íslenskukennslu útlendinga. Þeir sem sóttu þessa tíma voru af pólsku og litháísku bergi brotnir. Óhætt er að fullyrða að áhugi flestra nemendanna hafi verið blandinn rétti þeirra til að sækja þessa tíma og þeim launum sem þeir uppskera. Árangur var lítill og skrifast að stærstu leyti á lítinn drifkraft og frumkvæði þessara nemenda en þó að nokkru leyti á reynsluleysi kennarans. Um tilraunakennslu var að ræða og í ljósi árangurs liðinnar annar verður metið hvort framhald verður á þessari kennslu. Stuðst var við kennslubókina *Íslenska fyrir alla*. Sú bók er góðra gjalda verð en til viðbótar henni er mikilvægt að nemendur læri málið í gegnum língafón.

Námsmat og mat á námsmatsaðferðum

Áfanginn ÍSLU93 var kenndur með svipuðu sniði og áður. Í honum er námsmatið 50% próf á móti 50% annareinkunn.

Vegna slæms námsárangurs í íslensku 102 á skólaárinu 2008-2009 var ákveðið að taka upp lokapróf í áfanganum með þeirri hvatningu til nemenda „að þeir geti unnið af sér próftöku í lok annar.“ Hélt það fyrirkomulag á haustönn 2009 og á vorönn 2010. Reynsla kennara af þessari breytingu er ekki góð og telja þeir að lokaprófið hafi engu bætt við símatið. Annar kennarinn í íslensku 102 Katrín Tryggvadóttir segir í sinni umfjöllun: „Ég vil fella lokaprófið niður. Mér finnst við senda röng skilaboð til nemenda sem eru hysknir alla önnina að þeir geti náð áfanganum á lokaprófi. Markmið áfangans eins og þeim er lýst í kennsluáætlun felast fyrst og fremst í því í að læra vönduð og skipulögð vinnubrögð. Ef nemendur ná ekki þessu markmiði eiga þeir að falla. Ég held að það sé alveg eins gott að nemendur læri þokkaleg vinnubrögð í 102 eins og bíða með það til 202. Ég sé ekki að prófið hafi bætt mikið námsárangur í áfanganum.“

Í íslensku 202 er stuðst við símat en lokapróf tekið í stafsetningu og gildir sú einkunn 10% af lokaeinkunn áfangans. Biðeinkunnakerfið hefur verið fellt niður en það fólst í því að nemandi sem náði öðrum námsþáttum áfanganna 102, 103 og 202 en stafsetningu fékk B í stað einkunnar sem var síðan „geymd í kerfinu“ þangað til nemandinn hafði náð viðhlítandi árangri í STA 1912. Bryndís Guðjónsdóttir annar kennaranna í íslensku 202 hefur áhyggjur af miklu falli á vorönn 2010 og fullyrðir að það sem helst valdi því sé „að nemendur skili ekki verkefnum eða mæti ekki í kennslustundir og viti þess vegna ekki til hvers er ætlast af þeim.“

Íslenska 103 er símatsáfangi með allmörgum verkefnum og prófum sem unnin eru á haustönn og vorönn. Fyrirhugað er að skipta út Sölklu Völklu fyrir einhverja nýlegri skáldsögu sem bæði er bitastæð að efni og orðfæri og stendur leit yfir.

Í mati á ritunarmöppum í íslensku 103 og 202 var sú breyting gerð að metnir voru í heild ákveðnir færniþættir í möppu 1 og 3 í stað þess að gefa einkunn fyrir hvert verkefni. Gísli Skúlason höfundur þessa námsefnis og kennari áfanganna segir þetta gefast ágætlega. „Þetta

mat kallaði á sist meiri vinnu fyrir kennarana og gefur nemendum líklega betur til kynna hvað þeir kunna og hvað ekki.“

Í áföngum 203, 212, 303 og 403 er námsmatinu skipt til helminga milli vetrarvinnu og lokaprófs. Katrín Tryggvadóttir er ánægð með þetta fyrirkomulag og vill ekki breyta því. Hún telur það hvetjandi fyrir duglega nemendur að fá að sleppa við lokapróf þessara áfanga náí þeir að lágmarki 8 í vetrareinkunn. Ragnhildur Elísabet telur þetta fyrirkomulag hafa sína kosti og sína galla. Hins vegar er það skoðun Rósu Mörtu að endurskoða megi þetta mat því vinnan að baki því finnst henni vera of mikil.

Námsmatið í íslensku 503 byggir tvískiptu fyrirkomulagi með þeirri undantekningu að allir nemendur þurfa að þreyta lokapróf. Um námsmatið í áfanganum segir Þórunn Jóna: „Það er freistandi að leggja til að nemendur í íslensku 503 geti komist undan lokaprófi með lágmarks annareinkunn. Vegna hópastærða á vorönn 2010 var lokaprófið stytta og spurningum breytt úr efnisspurningum í valkvæðar spurningar eða krossaspurningar. Mikilvægt er að hafa í huga að áfanginn er sá síðasti sem margir nemendur taka áður en þeir hefja háskólanám en þar eru grunnáfangar nær undantekningalaust með lokaprófi.“ Meirihlutaviðhorf nemenda miðast eðlilega við það að geta unnið sig frá lokaprófi og þegar Þórunn tilkynnti um þetta fyrirkomulag heyrðist einn nemandi segja: „Þetta er í fyrsta sinn sem ég þarf að taka lokapróf í íslensku.“ Sá nemandi hafði alltaf komist undan lokaprófi með góðri annareinkunn. Spyrja má hvort slíkt fyrirkomulag sé gott veganesti í háskóla? Þetta telur Þórunn Jóna að þurfi að fá faglega umræðu meðal kennara íslenskudeildar.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Gísli Skúlason sótti ráðstefnu á vegum móðurmálskennara um innleiðingu nýrra laga um framhaldsskólann á haustönn 2009.

Jón Özur Snorrason lauk einum áfanga á MA-stigi í bókmenntafræðum við Háskóla Íslands á haustönn 2009, um ævi, hugmyndir og verk *Bertolts Brecht* undir stjórn Trausta Ólafssonar. Einnig sótti hann tíu klukkustunda kvöldnámskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands um *Leikritun* sem Hlín Agnarsdóttir styrði.

Katrín Tryggvadóttir sótti skammdegisfund og vörfund félags móðurmálskennara.

Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir sótti átta klukkustunda kvöldnámskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands um Íslandsklukkuna eftir Halldór Laxness í tengslum við hátíðarsýningu Þjóðleikhússins á verkinu. „Stórfint námskeið og mjög gagnlegt“ segir Ragnhildur.

Rósa Marta Guðnadóttir sækir alla haust og vörfundi *Samtaka móðurmálskennara*. Hún telur það mikilvægt til að fylgjast með nýjungum og hitta íslenskukennara úr öðrum skólum.

Þórunn Jóna Hauksdóttir stundar MPA nám í stjórnun menntastofnanna og hefur fengið námsorlof á næsta skólaári til að ljúka því. Á liðnum vetri lauk hún 22 einingum. Hún tók meðal annars námskeiðin *Leiðtogi í skóla án aðgreiningar* og *Stjórnun opinberra stofnana* sem gáfu tækifæri til að sjá starfsemina í FSu frá öðru sjónarhorni. Einnig tók hún einstök námskeið í rekstrarhagfræði.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Í áfanganum ÍSLU93 notaði Björgvin E. Björgvinsson Skólavefinn við bókmenntakennslu í fornámi og telur það hafa gefist ágætlega. Einnig voru nokkrir tímar teknir í að hlusta á *Hrafnkels sögu Freysgoða* í tölvunum í stofu 311 og verkefni unnin samhliða. Þeir nemendur sem sinntu því vel komu þrýðilega út úr þeim námsþætti.

Í íslensku 102 settu Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir og Katrín Tryggvadóttir saman ný kennsluhefti á hvorri önn. Í kennsluhefti vorannar er komið blað sem hjálpar nemendum að halda utan um einkunnir sínar. Einnig er þar að finna kennsluáætlun áfangans, gagnlegar vefslóðir í stafsetningu, verkefni úr þjóðsögum og ævintýrum, upplýsingar um kjörbókarritgerð og leiðsagnarmat. Með réttu má segja að kennsluheftið í 102 sé vísir að námsbók.

Skáldsögu Arnalds Indriðasonar *Dauðarósir* var skipt út fyrir *Krosstré* eftir Jón Hall Stefánsson í íslensku 202 og kom sú breyting vel út.

Í íslensku 212 hafa Guðbjörg Dóra og Katrín Tryggvadóttir sett saman fjölbreytt kennsluhefti með verkefnum og glærum sem myndar rauðan þráð í kennslu áfangans. Það hafði þau áhrif að nemendur voru mun oftar með námsgögn í tímum og þeir sem voru áhugasamir gátu farið á sínum hraða í gegnum námsefnið.

Fyrirhugað er að skipta um kennslubók í bókmenntasögu íslensku 303 á komandi haustönn. Þá kveður *Leiðslubók* Jóns Árna Friðjónssonar sem hefur verið notuð á annan áratug en við tekur bók Ármanns Jakobssonar *Þjóð í nýju landi*. Vonandi verður það til bóta. Einnig er fyrirhugað að skipta um útgáfu á Njálu.

Í barnabókaáfanganum íslenska 343 var nemendum boðið að velja á milli *Harry Potter* og *Leiðarljóss*. Það gafst vel og gat af sér fjörlegar umræður í kennslustundum.

Í íslensku 403 var sögu Gests Pálssonar *Tilhugalíf* skipt út fyrir *Vonir* eftir Einar Hjörleifsson Kvaran.

Í valáfanganum íslenska 613 var á haustönn 2009 notast við smásagnaúrval AB sem kom út í fimm bindum á níunda áratug tuttugustu aldar í ritstjórn Kristjáns Karlssonar. Þessi útgáfa er til mikillar fyrirmyndar með vel völdum smásögum og góðum inngangi.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Rósa Marta Guðnadóttir telur að skapa þurfi markvissari samfella í ritunarkennslu milli einstakra íslenskuáfanga og leggur áherslu á að kennarar verði duglegir að endurskoða kennsluhætti með þarfir nemenda í huga. Hún bendir á að brottfall nemenda úr námi megi að hluta til rekja til einhæfra kennsluhátta.

Ragnheiður Elísabet Sigfúsdóttir tekur í sama streng Rósa Marta um ritunarkennslu og telur að kennarar geti samræmt betur markmið sem liggja að baki almennri ritun, ritgerðarsmið og heimildavinnu og skapa með því rauðan þráð í ritunarkennslu einstakra áfanga. Hún segir það afar mikilvægt að nemendur fái markvissa þjálfun í þessum námsþætti sem skiptir gríðarlega miklu máli þegar nám á háskólastigi hefst.

Gísli Skúlason bætir um betur og vill leggja aukna áherslu á munnlega þáttinn í tengslum við ritun.

Þórunn Jóna bendir á mikilvægi þess að kennarar deildarinnar verði áhugasamir og duglegir við að innleiða ný framhaldsskólalög til góðs fyrir skólann og nýta það tækifæri sem felst í uppstokkun íslenskukennslu í framhaldsskólum.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Hvatt er til áframhaldandi og öflugrar hugmyndavinnu innan skólans um nýja námskrá. Eins og í skýrslunni frá fyrra ári er lagt til að þróun nýrrar námskrár taki mið af ferskum viðhorfum þar sem rými og tími er fyrir endurskoðun á kennsluefni og aðferðum áfanganna. Lagt er til að fjarnám sé notað í meira mæli og dregið úr staðbundinni kennslu. Hvatt er til opinna áfangalýsinga með möguleika á samþættingu námsgreina.

Lagt er til að nemendahópar séu ekki það fjölmennir að það komi niður á kennsluáðferðum og fagmennsku.

Varað er við því að uppfærsla fartölvanna verði látin sitja á hakanum því mikilvægt sé að endurnýja tölvukostinn reglulega og að fartölvuvagnarnir innihaldi þökkalegar tölvur.

Bent er á að meðferð lokaprófa þurfa að endurskoða og er talið óviðunandi að próf séu geymd inni á Skúlaskeiði þar sem margir hafa aðgang að þeim.

Annað

Katrín Tryggvadóttir vill koma á framfæri sérstökum þökkum fyrir skósveinana sem störfuðu í FSu á síðasta kennsluári og finnst henni ástandið innandyra hafa batnað sérstaklega í kennslustofunni hjá henni.

Gísli Skúlason dregur fram að nú stendur fyrir dyrum að færa efni úr Engli í Múðlu „og er þar mikið verk að vinna í íslensku 103 og 202. Þó skólinn spari með þessu er sá sparnaður ekki andskotalaus fyrir kennara.“

Samráðsfundur þrískólanna FSu, FS og FVA var haldinn í húsnæði Fjölbautaskóla Suðurnesja þann 7. apríl 2010. Umfjöllunarefnið var innleiðing nýrra framhaldsskólalaga en gert er ráð fyrir að þessir þrjú framhaldsskólar verði nokkuð samstíga í því að móta nýjan skóla á grunni nýrra laga. Reyndist þetta fróðlegur og hinn ánægjulegasti fundur. Hulda Egilsdóttir kennslustjóri íslensku í FS var fundarstjóri en Jón Özur Snorrason kennslustjóri íslensku í FSu var ritari og gerði hann nokkuð ítarlega grein fyrir samræðum og niðurstöðum fundarins í sér skjali sem er öllum opið.

Félagslíf íslenskukennara hefur verið stopult síðustu árin. Nú er hins vegar búið að marka því ákveðna braut og hafa þrjár samkomur verið ákveðnar og hverri fyrir sig gefið viðeigandi heiti: *Vorhvöt* að vori með vísan til ljóðs Steingríms Thorsteinssonar, *Haustlög* að hausti með vísan til kvæðis Þórólfs úr Hvini „sem var eitt af höfuðskáldum 9. aldar“ eins og segir í

bókmenntasögu Finns Jónssonar og *Stafsetningaræfing* að vetri en það heiti er án nokkurrar skáldlegrar tilvísunar.

Pórunn Jóna Hauksdóttir fer í námsorlof á næsta skólaári og óskar kollegum sínum í íslenskudeild alls hins besta næsta vetur í starfi og leik.

Gimli, Langanesi, 10. júní 2010,
Jón Özur Snorrason,
kennslustjóri.

Erlend tungumál önnur en enska

Kennslustjóri: Vera Ósk Valgarðsdóttir

Fagstjóri í dönsku: Elísabet Valtýsdóttir

Nafn kennara:	Áfangi	Hautönn Kest. fj.	Vorönn Kest. fj.
<i>Aðalheiður Jónasdóttir</i>	Dan 1036	18	6
	Dan 1032	x	
	Dan 2026	6	
	Dan 2036		6
	Dan 2S36		6
<i>Brynja Ingadóttir</i>	Dan 1026	12	12
	Dan U936	6	
	Dan 2026		6
<i>Elísabet Valtýsdóttir</i>	Dan 1026	12	6
	Dan 3036	6	
	Dan 7S36	6	
	Dan 2S36		6
	Dan 2126		6
	Dan 2026		6
<i>Ída Lön</i>	Dan 2126	12	
	Dan 7S36	6	
	Dan U936	6	
	Dan 2036		6
	Dan 3136		6
	Samtals í dönsku:	90	72
<i>Hrefna Clausen</i>	Fra103	6	
	Fra203		6
	Fra303		3
	Fra403	6	
	Fra503		4
<i>Vera Ósk Valgarðsdóttir</i>	Fra103		6
	Fra203	6	
	Fra303	6	3
	Fra403		4
	Fra513	4	
	Samtals í frönsku:	28	26
<i>Kristinn Björnsson</i>	Spæ 103		6
	Spæ 203	6	6
	Spæ 303	6	6
	Spæ 403	12	6
	Spæ 503		6

<i>Sigursveinn Már Sigurðsson</i>	Spæ 103	12	12
	Spæ 203	6	6
	Spæ 303	6	6
	Spæ 403		6
	Litla Hraun	4,6	4,6
	Samtals í spænsku:	52,6	64,6
<i>Brynja Ingadóttir</i>	Bys103	6	6
<i>Hannes Stefánsson</i>	Bys203	6	6
	Bys303	6	
	Bys523	4	
	Bys403		4
<i>Ingis Ingason</i>	Bys403	4	
	Bys303		6
	Bys103 - Litla Hraun		1
	Samtals í þýsku	26	23

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Dan 313. Nýr áfangi Dan 313 „Danskar kvikmyndir“ var kenndur á vorönn 2010. Kennari var Ida Løn. Áfanginn var bæði fræðilegur og verklegur, en auk þess sem nemendur horfðu á alls 9 kvikmyndir, lásu þeir einnig hefti á dönsku um kvikmyndafræði. Markmiðið var að nemendur fengju innsýn í og næðu tökum á tiltölulega aðgengilegum aðferðum sem beitt er við kvikmyndarýni. Aukið vægi var á hlustun og tali, en nemendur skiluðu einnig möppum. Í möppurnar söfnuðu nemendur umfjöllun um kvikmyndirnar sem þeir horfðu á, vinnu í tengslum við kvikmyndafræðina og táknmál kvikmyndanna, glósur úr fyrirlesturum ásamt kynningum á ýmsum þáttum kvikmyndanna. Notast var við ítarefni á vef Politiken.TV, en þar er í myndum og tali fjallað um danskar og erlendar kvikmyndir sem verið er að frumsýna í Danmörku. Gerði það að verkum að nemendur gátu fylgst náið með því sem gerðist í heimi kvikmyndanna hér og nú, en það út af fyrir sig gefur innihaldi áfangans meira vægi fyrir nemendur. Nemendahópurinn var mjög stór (30 nem). Nemendur voru mjög jákvæðir og flestir áhugasamir. Áfanginn verður aftur í boði vorið 2012 með minniháttar lagfæringum. Gert er ráð fyrir að Dan 313 verði í boði fjórðu hverja önn eða þá vorönn sem Dan 403 er ekki í boði.

Dan 203. Tveir kennarar kenna þennan áfanga sem er án lokaprófs í fyrsta sinn og þess vegna er hægt að fara mismunandi leiðir í kennslunni þó að námsefnið sé það sama. Kennarar áfangans hafa reyndar kvartað yfir því að þá vanti tíma til að geta unnið saman að meiri samræmingu.

Nemendur hjá ldu tóku oft þátt í að ákveða hvaða markmið þau settu sér og hvað þau ætluðu að gera til að ná þeim markmiðum, en það er einmitt í anda Evrópsku tungumálamöppunnar sem við höfum verið að vinna við að innleiða í FSu. Ida hefur einnig reynt að finna leiðir til að fá alla nemendur til að lesa þá skáldsögu sem þeim ber skylda til að lesa sbr. námskrá. Hefur það gefið góða raun að hennar mati. Ida hefur enn fremur lagt aukna áherslu á tal og hlustun í áfanganum m.a. til þess að nemendur nái að virkja betur orðaforða sinn.

Við þetta er að bæta að Ida lét nemendur standa reglulega upp og hreyfa sig, færa sig út úr skólastofunni. Það á að tryggja að nemendur hreyfi sig andlega líka. T.d. áttu nemendur að hreyfa sig í heimi forsetninganna fara um skólann og segja á dönsku hvar fólk sem þeir hittu á leiðinni væri stutt og þeir lýstu því með því að nota forsetningar.

Einnig bjó Ida til könnun um dönskukunnáttu nemenda þar sem þeir voru spurðir hvað þeim fyndist sjálfum þeir kunna í dönsku.

Dan 102, 202 og 212: Í þessum áföngum lögðu BI og EV áherslu á að þjálfar nemendur í sjálfsmati, bæði með gátlistum úr ETM og með því að nota leiðarbók. Í hana áttu nemendur að skrá nýjan orðaforða, málfræðireglur, ígrundun o.fl. en bæði nemendur og kennarar voru mjög ánægðir með

árangurinn af þessari vinnu. Hvoru tveggja er áfangi á leið kennaranna við að innleiða ETM í dönskukennslu. Það er mat BI og EV að sjálfsmat nemenda (ígrundun, gátlistar) auki meðvitund þeirra um eigið nám og bæti þar með ábyrgð þeirra og auki líkurnar á því að þeir verði sjálfstæðari í náminu. Að lokum skal þess getið að BI og EV hófu notkun Moodle í sinni kennslu og voru ánægðar með þetta kennsluumhverfi.

Í frönskudeild var unnið að markvissari notkun leiðarbókar í tungumálanámi. Á vorönn var áfanginn FRA403 kenndur skertur, þ.e. fjórir tímar á viku í stað sex. Það þýddi að kennari hitti nemendur eingöngu tvisvar í viku í stað þrisvar og var það mjög bagalegt og ætti ekki að eiga sér stað í tungumálanámi. Í FRA303 deildu kennarar með sér kennslunni og var það m.a. gert til að báðir hefðu jafnmikla kennslu. Þetta fyrirkomulag gafst bæði vel og illa. Kennarar koma misjafnlega að námsefninu og er það bæði kostur og galli. Sumir nemendur þola ekki svona „rót“ og kvörtuðu yfir þessu fyrirkomulagi. Öðrum hentaði þetta ágætlega og sögðu að það væri gott að fá ólíka nálgun á efnið. Kennarar reyndu að skipta með sér þáttum námsins, annar tók alfarið að sér vinnu við léttlestrarbók, hinn tók að sér málfræðikennsluna. Báðir komu að tali, hlustun og ritun. Niðurstaðan er samt sú að þetta fyrirkomulag var þess virði að prófa það en gallar eru fleiri en kostir.

Á þessari önn voru nemendur einnig látnir meta sig meir en áður, bæði í prófum sem og í leiðarbók. Það er mjög gagnlegt að sjá hvernig nemendur líta á sig sem nemanda, hvernig þeir sjá kennsluna o.s.frv. Margar mjög gagnlegar ábendingar komu fram hjá nemendum. Einn nemandi nefndi í leiðarbók að gott væri að leggja fyrir svipuð glósupróf og gert er í dönskudeild. Sú aðferð reyndist vel til að læra og leggja á minnið nýjan orðaforða.

Í FRA 503 var unnið áfram með skáldsöguna *Oscar et la dame rose*. Hún hentar nemendum ágætlega þó sumir hafi nefnt í leiðarbók að umfjöllunarefni hennar væri fremur dapurlegt og stundum gæti verið erfitt að setjast niður í frönskutíma ef dagurinn hefði verið erfiður og þurfa þá að velta fyrir sér þessu erfiða málefni sem fjallað er um í Oscari.

Í spænskudeild voru gerðar tilraunir með notkun leiðarbókar í nokkrum áföngum, aðallega í spænsku 103. SPÆ503 fór menningarferð til Reykjavíkur.

Í þýskudeildinni notaði Ingi Stefán hljóðskrár á Angel. Annars vegar setti hann á haustönn bókina *Der Mond war Zeuge* (þýs403) og hins vegar á vorönn bókina *Die Nachbarn* (þýs303). Þarna var nemendum gert að hlusta á sögur en sáu þær aldrei á prenti. Nemendur skráðu glósur og var þetta efni umfjöllunarefni á munnlegu prófi.

Í þýsku 523 lásu nemendur nýlega fréttatexta af vefnum www.spiegel.de og einnig úr tímaritinu „Perfekt“.

Munnlegt próf í þýsku 523 byggðist m.a. á frásögnum úr tímaritinu „Perfekt“ o.fl.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í DAN 102, 212 og 203, 303 og 313 var ekkert skriflegt lokapróf. Í öðrum áföngum (DAN 102, 202 og allir fornámshópar (S, U og F)) voru hins vegar hefðbundin lokapróf.

Í DAN212 var væginu breytt þannig að vægi hlustunar og tals jókst og er þannig svipað vægi lesturs og ritunar.

Í DAN202 breyttist vægi einnig, þ.e. lokapróf vó 50% í stað 60%. Var það gert m.a. til að auka vægi vinnu nemenda á önninni.

Haustið 2008 var lokapróf í DAN102 fellt niður og í þess stað tekið upp símat. Haustið 2009 var sami háttur hafður á í 212 og 203. Enn sem komið er óska kennarar eftir að halda lokaprófi í einum áfanga bæði í hraðferð og hægferð til þess að tryggja að nemendur fari ekki í lokaáfangann án þess að hafa

farið í gegnum yfirlitspróf þar sem kannað er hvort nemendur hafi náð markmiðum áfangans í nokkrum þáttum.

Í frönsku var námsmat að mestu óbreytt frá fyrra ári. Í fyrstu áföngunum (FRA103-303) er skriflegt lokapróf en símat í efri áföngum. Í ljósi árangurs á önninni fengu þó örfáir nemendur í FRA303 að ráða hvort þeir létu vinnueinkunn annarinnar standa sem lokaeinkunn eða taka skriflegt lokapróf sem gildi 50% á móti vinnueinkunn. Á haustönn þurfti einn nemandi að taka skriflegt lokapróf en á vorönn allir nema fjórir. Af þeim sem fengu þennan valkost á vorönn, ákvað einn nemandi að koma í skriflegt lokapróf í von um að geta hækkað einkunnina sína (úr 8 í 9). Því miður tókst það ekki. Þess ber að geta, að svo nemandur hafi möguleika á því að sleppa við skriflegt lokapróf, þá verða þeir að hafa skilað öllum verkefnum, sýnt góða virkni í tímum (*leiðarbókin* á m.a. að bera vitni um það) og vera með a.m.k. 85% raunmætingu.

Í SPÆ103, 203 og 303 eru lokapróf sem gilda 50% af lokaeinkunn á móti 50% annareinkunnar. Símat er viðhaft í SPÆ403 og 503 og gefst vel.

Í þýskudeild voru lokapróf í öllum áföngum. Þó gátu nemendur í ÞÝS303 valið um að taka fimm lotupróf á önninni eða skriflegt lokapróf, en bæði giltu 60% á móti 40% annarra námsmatsþátta (munnl.pr., ritun o.fl.).

Námskeið sem kennarar hafa sótt

AJ í dönskudeild og HC í frönskudeild sóttu báðar dagsnámskeið í Borgarholtsskóla á vegum Endurmenntunar „*Gerð hugarkorta og leiklist í tungumálakennslu*“.

Þessi þekking hefur nýst í kennslu og nemendur eru mjög ánægðir með að nota hugarkortin.

EV hélt erindi á ráðstefnu FDK um óhefðbundið námsmat.

EV sótti vinnufund í Graz í maí 2010 um verkefni sem fjallar um innleiðingu ETM. Á fundinum gerðu allir þátttakendur grein fyrir verkefninu sem fólst í að allir tungumálakennarar skólans áttu að hefja innleiðingu ETM. Lokaskýrsla á að skila til ECML (Evrópsku tungumálamiðstöðvarinnar í Graz) fyrir 31. júlí í ár.

EV var túlkur fyrir Sýslumannsembættið á Selfossi vegna umferðarlagabrots sem átti sér stað í umdæmi lögreglunnar.

IL var túlkur af dönsku á ensku hjá Karen Lund sem er danskur lektor við Kaupmannahafnarháskóla. Karen Lund hélt erindi á dönsku á ráðstefnu um máltöku annars máls, en ráðstefnan var haldin hér á landi.

Í apríl 2009, sóttu HC og VV námskeið á vegum FFÍ (Félag frönskukennara á Íslandi). Námskeiðið kallaðist „*Evrópuramminn á vettvangi*“. Þar var gerð tilraun til að kynna *Evrópurammann* (fr.: *Cadre européen commun de références pour les langues*) og hugmyndir að útfærslu hans í kennslu og námsmati. Einnig var tíminn notaður í að greina ýmsar nýjar kennslubækur í frönsku því nú er senn komið að því að skipta um frönskubækur. Námskeiðið þótti takast mjög vel.

Brynja og Hannes sóttu námskeið á haustönn á vegum Félags þýskukennara. Það fjallaði um „*Lernstationen*“ eða stöðvavinnu. Brynja sótti einnig námskeið á vorönn um notkun texta og orðaforða í þýskukennslu.

Ingis fór, ásamt 15 öðrum þýskukennurum frá Íslandi, á 14. alheimsping þýskukennara í Weimar og Jena dagana 2. til 9. ágúst.

Ingis og Brynja sóttu aðalfund Félags þýskukennara. Daginn eftir aðalfund sótti Brynja námskeið eða kynningu á nýju kennslubókinni „*Schritte*“ sem senn verður tekin til notkunar við þýskukennslu í FSu.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

DAN. Ída útbjó hefti fyrir kvikmyndaáfangann 313 með fræðilegri umfjöllun um kvikmyndir og um túlkun á þeim.

Einni skáldsögu var skipt út fyrir aðra í 203.

Eins og alltaf taka nemendur í Dan 303 mikinn þátt í að velja lesefni annarinnar þannig að námsefni áfangans er sibreytilegt frá önn til annar. Þar gegnir netið mjög stóru hlutverki enda er nánast hægt að lesa þar um nánast hvað eina sem nemendur gætu haft áhuga á að kynna sér.

FRA. Sömu kennslubækur og áður en til stendur að byrja með nýjar kennslubækur í FRA103 haustið 2010. Sú kennslubók mun spanna allt að fjóra áfanga. Í FRA403 hafa kennarar verið að breyta til reglulega en þar lesa nemendur 1-2 léttlestrarbækur ásamt öðru efni.

SPÆ. Kennslubókin *Mundos Nuevos 2* kom ný inn í SPÆ303 og 403. Þetta er ný og endurbætt útgáfu af eldri kennslubók.

Samhliða hefðbundnum kennslubókum hafa kennarar búið til og þróað sín eigin kennslugögn, s.s. gagnvirkar æfingar á ANGEL.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

DAN. Kennarar í DAN102 stefna að því að móta áfangann meira út frá gátlistum úr ETM til þess að nálgast hana enn meira. Gátlistarnir innihalda fjölmargar fullyrðingar um að nemandi hafi náð tókum á ýmsum markmiðum, t.d. „Ég skil það sem sagt er við mig í einföldum samtölum ef talað er hægt og skýrt“. Sömu kennarar ætla að setja inn á Moodle lista þar sem skráð eru öll próf sem nemendur taka ásamt dagsetningu svo og annan lista með heiti og dagsetningum á verkefnum sem þeir eiga að skila. Þannig munu þeir stuðla að því að nemendur fái góða yfirsýn yfir allt það efni sem ætlast er til að þeir skili af sér, enda er árangur metinn með símati.

Kennarar ætla að breyta fyrirkomulagi með lestur á skáldsögum því allt of fáir nemendur í hægferðaráföngunum lesa bækurnar og standast þannig í rauninni ekki kröfur áfangans. Rætt var um hvort hægt sé að láta tvo kennara skipta með sér DAN203 og DAN212 þannig að annar kennarinn eigi sinn hóp en kenni tvo tíma í viku og hinn kennarinn kenni þriðja tímann og öfugt. Þannig mætti e.t.v. nýta sérþekkingu hvors fyrir sig í sem flestum áföngum. Ljóst er að erfitt getur verið að koma þessu fyrir í töflu en skemmtileg hugmynd engu að síður sem kennarar vilja bera upp við stjórnendur skólans.

Dönskukennarar vilja láta koma fram að mjög auðvelt sé fyrir tungumálakennara að nýta 75 mínútna kennslustundir með mismunandi hætti. Tungumálakennsla snýst um fjóra mismunandi færniþætti og því má auðveldlega skipta kennslustundinni milli þessara færniþátta og þannig koma í veg að kennslustundin verði of einhæf.

FRA. HC ætlar að taka sér launalaust leyfi frá störfum næsta skólaár og því verður VV ein með frönskuna. Í FRA103 verður tekin upp ný kennslubók sem tekur mið af Evrópska tungumálarammanum (A1/A2). Sérstaklega verður hugað að meiri hlustun og tali á komandi vetri en nýja kennslubókin býður einmitt upp á fjölbreyttar hlustunaræfingar. Næsta vetur verður mjög sennilega haldið áfram með „skerta“ áfanga sökum fámennis. Kennurum er ljóst að til að skertir áfangar skili sér sem best verður kennari að setja betur niður fyrir sér námsefnið, skipuleggja heimavinnu nemenda út í æsar og vera með nákvæma vinnuáætlun. Allt vinnulag þarf að liggja nákvæmar fyrir, s.s. hvað þeir eigi að vinna sjálfstætt utan kennslustundar og hvað í kennslustundum undir leiðsögn kennara.

Ef ekki verður nægur nemendafjöldi til að fara af stað með (skertan) 500-áfangna mætti þó hugsanlega kenna áfangann í fjarnámi frá FSu til að missa ekki þá áhugasömu nemendur sem þó vilja skrá sig til náms í 500-áfangna við skólann.

Í þýsku 103 er ætlunin að taka upp nýtt námsefni og hefur kennslubókin „*Schritte*“ orðið fyrir valinu en hún virðist gefast vel í öðrum skólum.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Dönskukennurum þykir nauðsynlegt að það gefist fleiri tækifæri í fundargati til að hitta aðra tungumálakennara (*pædagogisk forum*) til að skiptast á hugmyndum og deila hugmyndum með öðrum. Það hefur komið vel í ljós í tengslum við Olweus umræður í hópavinnunni hvað það hefur verið mikil þörf fyrir að kennarar tali saman.

Einnig þykir okkur kominn tími til að allar kennsluáætlanir verði endurskoðaðar m.t.t. að þeim verður síðan breytt í sambandi við innleiðingu nýrrar námskrár. Hvað þarf að koma fram? Hvað á að vera samræmt?

Hvatt er til að nemendur séu vandir á að nota Moodle, t.d. með því að kennarar setji verkefni þar inn án þess að prenta þau út, nemendur taki ýmis próf í Moodle en ekki á pappír og nemendur skili skriflegum verkefnum í Moodle án þess að prenta þau út.

Einn nemandi í DAN102 fékk að taka dreifnám og var merkt D við hann í tímunum. Hann mætti alltaf á föstudögum, en vann samt ekkert. Kennarinn var búinn að safna verkefnum saman fyrir hann (þjónusta) fyrir föstudagstímann. Nemandinn skilaði aldrei neinu og mætti ekki í lokapróf. Þetta telja dönskukennarar vera söun á tíma kennarans og peningum skólans.

Það þarf að skilgreina „*Hvað er 100% próf?*“. Í tungumálum þarf að þjálfra munnlega færni, lesskilning, ritun og hlustunarskilning. Það er nauðsynlegt að þjálfra þetta allt og meta svo árangurinn að lokum. Hvernig á að fara að því í 100% prófi að meta bæði munnlega færni og hlustun?

Kennarar velja fyrir sér því hvort nóg sé að ná *4,5 í 100% prófi*? Prófin eru aðeins 1 ½ tíma próf og eiga að mæla vinnu heillar annar án þess að nein önnur vinna sé metin jafnframt.

Frönsku- og þýskukennarar telja að það sé með öllu ótækt að hafa tungumálanám eingöngu tvisvar í viku. Í skertum áföngum væri betra að hitta nemendur þrisvar í viku en styttri tíma í senn, þ.e. í stað 3x75 mín, kæmu ca 3x50 mínútur. Það er allavega greinilegt að þetta fyrirkomulag krefst ítarlegrar skipulagningar áfangans, m.a. varðandi verkefnaskil o.fl.

Í stofur þurfa að koma betri myrkvunartjöld eins og þau sem eru í LKN stofunum. Það er eiginlega ekki hægt að sýna kvikmyndir við núverandi aðstæður.

Á liðnum vetri gafst lítill tími til samráðs í fögum. Úr því þarf að bæta. Kennarar tungumála vilja gjarnan fá einhverja miðvikudagstíma til samráðs, annars vegar innan sinna deilda og hins vegar til samráðs allra tungumálakennara. Það hefur heyrst að sumar deildir nýti ekki þennan tíma til samráðs og því hafi þessi tími verið skertur. Má ekki biðja deildir um að skila dagskrá samráðsfundar til sviðstjóra/skólastjórnenda og þannig fylgjast með að deildir ræði sín á milli reglulega?

Reynslan er góð af stoðtímum og lagt til að þeir verði áfram þó svo að borið hafi á ýmsum byrjunarörðugleikum.

Annað

Nú eru engin samræmd próf eftir 10. bekk sem hafa verið notuð til að raða nemendum inn í dönskuáfangna. Talsvert bar á því sl. vetur að nemendur lentu í áfangna sem þeir réðu ekki við með góðu móti. Þetta gildi bæði um DAN102 og U93. Í vetur voru flestir hópar mjög stórir sem varð til þess

að erfitt reyndist að sinna hverjum og einum. Kennarar fundu fyrir meiri óróleika en verið hefur í hópunum og var álag mikið þessa önn.

Dönskukennarar vonast til að unnið verði markvissara að því að kynna fyrir nemendum gagnsemi og tilgang dreifnáms/stoðtíma. Athygli er vakin á því að það vantar tímasetningar dreif/stoð á stundatöflu nemenda!! Nemendur þurfa að átta sig á að stoðtímar séu ekki viðbót við matartímann. Umsjónarkennarar mættu brýna fyrir nemendum að stoðtímar komi í stað skraps í tíma eða á bókasafni. Það mætti hugsanlega halda bókhald, sem yrði sýnilegt nemendum, yfir þá nemendur sem eiga eftir að skila skilaverkefni/prófi þannig að þeir geti fylgst með hvort þeir verði að mæta í stoðtíma.

Á fundi 3. tungumálskennara nýverið kom m.a. fram áhugaverður punktur varðandi þá nemendur sem hafa farið utan sem skiptinemar og taka síðan stöðupróf í viðkomandi tungumáli. Þeir skora gjarnan hátt á stöðuprófi og fara því jafnvel beint í 403. Í ljós kemur síðan að alla undirstöðu vantar, þeir kunna ekki að skrifa rétt en hafa talmálið á hreinu. Þetta hefur oft valdið miklum námserfiðleikum hjá þessum nemendum. Sú skoðun kom fram að hvetja ætti nemendur til að fara í grunnáfangana í tungumálinu, fá þar háar einkunnir og ná þar með fullkomnum tókum á tungumálinu í stað þess að vera í basli í efri áföngum.

Á umræddum fundi var ákveðið metnaðarleysi nemenda rætt. Mikið ber á því að nemendur sinni ekki námi sínu af ýmsum „ástæðum“, s.s. vinnu, yfirfullri stundatöflu, læknisferðum, opnum vottorðum o.s.frv. Nemendur þurfa að gera sér grein fyrir þeim skyldum sem fylgja því að vera nemandi. Ákveði þeir að vera í námi þá fylgir því ákveðin vinna; ákveði þeir að vinna með námi þá fylgir því aukin vinna; ákveði þeir að vera með yfirfulla stundatöflu þá fylgir því einnig aukavinna. Það er slæmt að það skuli vera frekar undantekning en regla að nemendur skili umbeðnum verkefnum o.s.frv. Spurning hvort ekki þurfi að fara í naflaskoðun varðandi þessi mál hér innan skólans. Mikið ber á því að nemendur virðast ekki lengur kunna að „læra heima“.

*FSu, 18. maí 2010.
Vera Ósk Valgarðsdóttir*